

GUDRÚN ALDA ELÍSDÓTTIR
Íkoninn hennar ömmu
uppáhaldsgripurinn

heimili

allt í MIÐJU BLADSINS



FASTEIGNIR
Tveggja hæða einbýli
á góðum stað

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



LÁRUS WELDING
Í maraþonþjálfun
hjá Arnari Grant

Engin miskunn veitt

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. júlí 2008 — 197. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Sáttur við tilveruna

Tómas Árnason, fv. seðlabankastjóri, ætlar að eyða 85 ára afmælisdeginum einhvers staðar uppi í sveit.

TÍMAMÓT 16



Kammertónlist á Klaustri

Fjöldi framúrskarandi tónlistarmanna flytur kammertónlist á Kirkjubæjarklaustri í byrjun ágúst.

MENNING 35

Ósáttur við auglýsingu

Gunnar Hansson, umboðsmaður Vespa á Íslandi, er ósáttur við „vespu-leik“ 10-11.

FÓLK 30



Markasúpa í boði

Botnliðin HK og ÍA voru kjöldregin í Landsbankadeildinni í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 24




VEÐRIÐ Í DAG



VATNSVEÐUR Í dag verða suðlægar áttir, 5-13 m/s hvassast með ströndum syðra og eystra. Mikil rigning víða um land einkum síðdegis. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins norðaustan til.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...
Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 19-49 ára, skv. könnun Capacent í febrúar - apríl 2008

Stjórnarliðar vilja fá nýja Þjóðhagsstofnun

Varaformaður og þingflokksformaður Samfylkingarinnar vilja endurreisa Þjóðhagsstofnun. Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins er þeim ósammála.

STJÓRNMÁL „Þjóðhagsstofnun var að vinna gott starf á sínum tíma. Við stóðum að því ásamt Sjálfstæðisflokknunum að leggja hana niður og líklega hefði það ekki átt að gerast,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingar, er sammála Valgerði. „Ég tala fyrir því að endurreisa Þjóðhagsstofnun,“ segir Ágúst Ólafur. „Það skiptir miklu að fáanlegar séu upplýsingar frá óháðum aðilum.“

Lúdvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir það hafa verið grundvallar-

mistök að leggja stofnunina niður á sínum tíma. Hún hafi verið eini rannsóknaraðilinn í efnahagsmálum og að henni sé mikill missir. „Það hefur einfaldlega komið á daginn að í þessum efnahagsferfi-leikum sem við stríðum við núna, hefði það styrkt alla umræðu og ákvarðanatöku til muna að hafa slíkan aðila á vettvangi.“ Lúdvík segir vel koma til álita að endurreisa Þjóðhagsstofnun í einhverri mynd. Það sé afar brýnt að hafa sjálfstæða og óháða efnahagsstofnun sem rannsaki efnahagsmál. Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks,

segir afnám stofnunarinnar hafa verið rétt mat aðila á sínum tíma. „Þá voru greiningardeildir bankanna að eflast mjög, og Seðlabankinn hafði sína stöðu eins og nú,“ segir Arnbjörg. Hún er ekki talsmaður þess að endurreisa stofnunina. Þjóðhagsstofnun var lögð niður árið 2002 og verkefni hennar færð yfir til fjármálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands. Á föstudag var Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur og forstjóri Aska Capital, ráðinn til að sinna ráðgjöf í efnahagsmálum í forsætisráðuneytinu í sex mánuði.

- kg



HREINDÝRSKÁLFURINN LÍF Laufey Birna Sigurðardóttir frá Fáskrúðsfirði með hreindýrskálfinum gær.

Franskir dagar á Fáskrúðsfirði: Hreindýrskálfi gefið af pela

DÝRAHALD „Líf er hvers manns hugljúfi,“ segir Albert Eiríksson, safnstjóri á Fáskrúðsfirði, um hreindýrskálfinn sem fannst nýborinn í vegarkanti í vor og var komið í fóstur á bæ í Reyðarfirði. „Líf hefur aldrei umgengist hreindýrahjörð en hefur verið gefið af pela og er nýlega farin að éta fjallagrös,“ segir Albert. Gestir og gangandi fá tækifæri til að kynna Líf á Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði um næstu helgi. „Líf verður fyrir framan safnið Fransmenn á Íslandi þar sem við munum óska eftir sjálfboðaliðum til þess að gefa henni pela,“ segir Albert.

- ht

Hitabeltisstormurinn Berta: Leifar fellibyls nálgast landið

VEÐUR „Ég man ekki til þess að leifar fellibyls hafi áður náð alla leið til okkar um hásumar,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur. Leifar fellibylsins Bertu stefna beint yfir landið í dag. „Þessi hitabeltisstormur hefur sveimað ótrúlega lengi yfir Atlantshafinu og svo seint sem á laugardagskvöldið mátti enn greina auga í miðju stormsins,“ segir Einar. „Horfur eru á miklu úrhelli síðdegis, sérstaklega sunnan- og suðvestanlands,“ segir Einar. „Væntanlega verða óvenjuleg hlýindi samfara rigningunni en engin ástæða er enn til að ætla að hvassara verði en í venjulegri sumarlægð.“

- ht



STUÐ AÐ MIÐALDASIÐ Þeir félagar Hilmar og Baldur, þriggja ára, skemmtu sér konunglega á Miðaldadögum á Gásum í Eyjafirði um helgina. Meðal dagskrárliða var knattspyrnuleikur að miðaldasið, þar sem munkur einn tognaði og þurfti frá að vikja. Að öðru leyti heppnaðist hátíðin vel í glaðasólskini og blíðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Forstjóri Kaffitárs segir of flókið að sækja um leyfi fyrir nýtt kaffihús:

Hundrað stundir að fá leyfi

VIÐSKIPTI Framkvæmdastjóri Kaffitárs eyddi nýlega hundrað klukkustundum við undirbúning umsókna um leyfi fyrir nýtt kaffihús. Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, segir að ný lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem tóku gildi í fyrrasumar hafi síst gert lífið

einfaldara fyrir veitingamenn. „Tilgangur nýju laganna var að einfalda kerfið,“ segir Aðalheiður. „Við getum ekki séð að þeim tilgangi hafi verið náð.“ Aðalheiður gagnrýnir að þurfa enn á ný að ganga í gegnum svo flókið ferli, einkum í ljósi þess að Kaffitár reki nú níu kaffihús. „Við höfum aldrei skuldað nein-

um neitt og þykir undarlegt að þurfa að ganga í gegnum þessa vitleysu einu sinni enn.“ „Við stöndum við þá skoðun okkar að eitt leyfi eigi að vera nóg. Kerfið var óþarflega flókið og er kannski enn,“ segir Haraldur Ingi Birgisson, lögfræðingur hjá Viðskiptaráði.

- ht / sjá síðu 8

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur
SUBWAY
6 tommu bátur
329 kr.

Gildir í júlí 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Sjálfmáli

TENGI

Sundance Spas
Heilsunuddpottar



Opið virka daga frá 8-18

Smiðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Fríðrik, er þetta ekki þunnur prettándi?

„Er ekki tuttugasti og fyrsti í dag?“

„Þynnkuboltinn“ er hópur ungra manna sem bætir líðan sína um helgar með því að spila fótbolta. Fríðrik Steinn Fríðriks-son er einn af stofnendum hópsins.



ELDURINN SLÖKKTUR Slökkvistarf við íbúðarhúsið Holt II í Stokkseyrarhreppi gekk vel.

MYND/EGILL BJARNASON

Eldur kom upp í þvottahúsi:

Sveitabær mik-ið skemmdur

BRUNI Miklar skemmdir urðu á íbúðarhúsinu að Holti II í Stokkseyrarhreppi eftir að eldur kom upp í þvottahúsi laust eftir hádegi í gær.

Enginn var í húsinu þegar eldurinn kom upp en bóndinn á bænum var við störf utandyra í nágrenninu. Heimilismaður sem átti erindi heim að bænum sá reyk leggja frá húsinu og tilkynnti um brunann.

Húsið fylltist fljótt af sóti og reyk og mikill hiti var í húsinu þegar lögregla og slökkvilið komu að. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en lengri tíma tók að reykraesta og kæla húsið.

- ht

Aðskilnaðarhreyfing Baska:

Sprengt á Spáni

SPÁNN, AP Fjórar sprengjur sprangu á norðanverðum Spáni í gær. Enginn slasaðist en nokkrar skemmdir urðu á eignum.

Menn sem sögðust vera frá Aðskilnaðarhreyfingu Baska (ETA) hringdu og sögðu frá sprengjunum áður en þær sprangu. Ein sprakk utan við banka, ein á golfvelli og tvær við strönd á vinsælu ferðamanna-svæði í Cantabria-héraði.

ETA hefur áratugum saman barist fyrir sjálfstæðu ríki Baska á Norður-Spáni og Vestur-Frakklandi. Meira en átta hundruð manns hafa látist í árásum ETA.

- gh

Barack Obama er nú í ferðalagi um Mið-Austurlönd og Evrópu:

Aukin áhersla á Afganistan

AFGANISTAN, AP Barack Obama, forsetaframbjóðandi Demókrataflokkssins í Bandaríkjunum, vill færa her-sveitir frá Írak til Afganistans.

Obama er nú á ferðalagi um Mið-Austurlönd og Evrópu. Hann snæddi í gær hádegisverð með Hamid Karsai forseta Afganistans í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Lofaði Obama auknum stuðningi við Afganistan, verði hann kjörinn forseti, og að „halda áfram stríðinu gegn hryðjuverkum af krafti“, að sögn talsmanna afganska forsetaembættisins.

Árásir vígamanna á róstusömum svæðum í austan-verðu Afganistan hafa aukist um fjörutíu prósent frá því í fyrra. Ástandið í Írak hefur hins vegar farið batnandi undanfarið.

Obama leggur til að Bandaríkin taki að draga liðsafla sinn frá Írak í skrefum, en sendi að minnsta kosti sjö þúsund hermenn í viðbót til Afganistans.

Obama heimsækir líklega Írak, Jórdan, Ísrael,



HAMID KARSAI OG BARACK OBAMA Margir stjórnmálaskýr-endur telja ferðalag Obama ætlað að bæta ímynd hans í utanríkismálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Palestínu, Þýskaland, Frakkland og Bretland á næstu dögum.

- gh

Vill fá hvolp með lifrabólgu bættan

Kamela Rún Sigurðardóttir segir undarlegt að hún þurfi næsta árið að greiða raðgreiðslur af hvolpi sem drapst fimm dögum eftir að hún fékk hann í hendur. Neytendasamtökin vilja fá að kanna réttindi hennar gagnvart seljanda.

DÝRAHALD Hinn 5. júlí keypti Kamela Rún Sigurðardóttir tvo hvolpa á raðgreiðslum. Fimm dögum síðar var annar þeirra dauður. Hún segir krufningu dýralæknis hafa sýnt fram á að hvolpurinn hafi drepist af völdum lifrabólgu sem hún telur hundinn hafa verið sýktan af þegar hún fékk hann í hendur. Hún furðar sig á því að þurfa að halda áfram að greiða afborganir af hundinum.

Í grein sem Rúna Finnsdóttir dýralæknir ritaði um sjúkdóminn kemur fram að meðgöngutími smits sé um það bil fjórir til níu dagar en að þeim tíma liðnum taki einkenni sjúkdómsins að koma fram. Smitleiðir séu aðallega frá hundi til hunds með þvagi, saur og slefi, einnig sé þekkt að hundar smitist af óhreinum matarlátum, fatnaði, óhreinum skóm og höndum.

Kamela segir dauða hvolpsins, sem var af tegundinni Chihuahua, hafa tekið mjög á sig. Sem betur fer sé hinn hundurinn, sem hún keypti á sama tíma og sama stað og er af tegundinni Miniature Pinscher, heill heilsu.

„Seljandinn bauðst til að láta mig fá annan hvolp í stað þess sem dó en ég treysti mér ekki til þess að fá hund þarna aftur og hefur verið ráðið eindregið frá því,“ segir Kamela, sem vill frekar greiða upp hund sem hún fékk aldrei að kynna heldur en að ganga aftur í gegnum önnur eins veikindi. Kamela segist enn sem komið er aðeins hafa heyrt að hundurinn hafi drepist vegna lifrabólgu frá dýralækni í gegnum síma en hún geti fengið skjöl um krufninguna fljótlega.

Ásta Sigurðardóttir, eigandi hundaræktunarinnar Dalsmynni þaðan sem hundurinn kom, segir dýralækni nýlega hafa tekið sýni úr fimm hvolpum frá búinu. Ekkert þeirra hafi sýnt fram á að lifrabólga væri þar til staðar. Hún taki orð Kamelu ekki trúanleg fyrr en hún sjái gögn um málið. Auk þess sem hún bendir á að hún hafi selt Kamelu hundana með um það bil 80 þúsund króna afslætti samanlagt.

„Ef hundurinn var haldinn þessum sjúkdómi þegar viðkomandi viðskipti fóru fram á seljandi vitanlega að leysa kaupandann undan greiðslunum,“ segir Jóhannes Gunnarsson, hjá Neytendasamtökunum og hvetur Kamelu til hafa samband við samtökin vegna málsins.

karen@frettabladid.is



KAMELA MEÐ HVOLPINN SEM EFTIR LIFIR Kamela keypti tvo hunda í Dalsmynni. Annar var af tegundinni Miniature Pinscher en hinn Chihuahua. Sá síðarnefndi drapst fimm dögum eftir að hún fékk hann í hendur.

DRAPST FIMM DÖGUM EFTIR KOMU Kamela segist frekar vilja ljúka því að greiða afborganir af tikinni Fíónu heldur en að ganga í gegnum annað eins aftur.



Farandsali án tilskilinnar leyfa:

Tekinn hönd-um á Ísafirði

LÖGREGLUMÁL Farandsali sem gekk í hús í byggðarlögum á norðanverðum Vestfjörðum og bauð varning til sölu var handtekinn á Ísafirði í síðustu viku.

Maðurinn er af erlendu þjóðerni og hafði hvorki dvalar-né atvinnuleysi hér á landi. Hann er einnig grunaður um að hafa flutt varninginn ólöglega til landsins. Maðurinn gisti fanga-geymslur á Ísafirði meðan málið var rannsakað og hald var lagt á varning hans, meðal annars yfir níu hundruð myndir. Ákæra hefur verið gefin út á hendur manninn og er hann nú frjáls ferða sinna.

- ht



MÚSLIMAKONUR Strangtrúaðir islamist-ar ráða ríkjum í Íran.

Níu bíða aftöku í Íran:

Grýtt fyrir hjúskaparbrot

ÍRAN, AP Níu manns, átta konur og einn karl, bíða þess að verða grýtt til bana í Íran fyrir hjúskaparbrot.

Mannréttindasinnar reyna nú að fá dómunum hnekt. Segja þeir meirihluta sakborninganna frá svæðum þar sem lestrarkunnátta er lítil og sumir þeirra hafi ekki skilið ákærana.

Hjúskaparbrot er eina brotið sem refsað er fyrir með grjótkasti í Íran, en menn eru einnig dæmdir til dauða fyrir morð, nauðgun, rán, guðleysi, guðlast, fíkniefnasmygl, vændi, landráð og njósnir.

- gh

Ökumaður slasaðist í bílveltu:

Missti stjórn á bíl í Seyðisfirði

SLYS Ökumaður var fluttur með sjúkraflogi til Reykjavíkur eftir bílveltu í Seyðisfirði snemma í gærmorgun.

Meiðsl mannsins voru þó ekki jafn alvarleg og í fyrstu var talið en hann hlaut mar á lunga að sögn Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á Egilsstöðum.

Ökumaðurinn var einn í bifreiðinni og er talinn hafa misst stjórn á henni í lausamöl. Hann er grunaður um ölvun við akstur.

- ht

Árni Hjörleifsson er með bílnúmerið KRATI á Range Rovernum sínum:

Sjötti Range Rover kratans

FÓLK „Ef menn væru alvöru sósíaldemókratar og Alpýðuflokkurinn væri við völd væru allir á Range Rover,“ segir Árni Hjörleifsson, eða Árni krati eins og hann er oft kallaður í heimabæ sínum, Hafnarfirði. Hann er eigandi Range Rover með einka-númerið KRATI. „Þetta er sjötti Roverinn sem ég á, þetta er orðin eins konar sýki. Svo eyðir þetta ekki neinu,“ segir Árni.

Spurður um söguna á bak við bílnúmerið segir hann þetta hafa byrjað í álverinu í Straumsvík þegar hann vann þar. „Í vinnunni var ég alltaf kallaður síðasti kratinn. Þegar fréttist að einkabílnúmer væru komin í Bretlandi lofaði ég að fá mér einkabílnúmerið Krati þegar þau kæmu til Íslands,“ segir Árni. „Ég var löngu búinn að gleyma

þessu þangað til að gömlu vinnu-félagarnir hringdu og minntu mig á þetta. Ég gat auðvitað ekki svikist undan,“ segir Árni.

Árni sagði sig úr Samfylkingunni fyrir nokkru eftir að hafa reynt að leita svara hjá bæjarfulltrúum Samfylkingarinnar í Hafnarfirði um skoðanir þeirra á álversstækkun í Straumsvík. Hann fékk engin svör.

Árni er sjálfur hlynntur stækkun álversins. „Ég sagðist bara ætla að halda áfram að vera krati,“ segir Árni.

- vsp

ÁRNI OG KRATINN Árni er oft kallaður Árni krati og ekki að ástæðulausu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Leiðin liggur til Nova!

2.000 kr.

notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir
öllum símatil-
boðum hjá Nova!

**Þú getur flutt símanúmerið þitt
með þér til Nova!**

Öll tilboð gilda í áskrift og frelsi!

**0 kr. Nova
í Nova**

Símtöl, myndsímtöl,
SMS og MMS milli
viðskiptavina Nova
kosta ekki krónu!

Komdu yfir til Nova
með 3G símann þinn
og þú færð

1.000 kr.

notkun á mánuði í
12 mánuði!



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

GENGIÐ 18.07.2008			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	79	79,38
	Sterlingspund	157,69	158,45
	Evra	125,22	125,92
	Dönsk króna	16,79	16,888
	Norsk króna	15,545	15,637
	Sænsk króna	13,218	13,296
	Japanskt jen	0,7408	0,7452
SDR		129,1	129,86
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
		16,4258	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



PEKING Skyggni er oft lélegt í Peking vegna mengunar. NORDICPHOTOS/AFP

Peking ræðst gegn mengun:

Bílar bannaðir

KÍNA, AP Yfirvöld í Peking, höfuðborg Kína, hafa takmarkað mjög umferð bifreiða og iðnaðarstarfsemi til að draga úr mengun fyrir Ólympíuleikana í ágúst.

Helmingur bílaflotans má ekki keyra fram að leikunum. Annan hvern dag mega bílar með skráningarnúmeri sem endar á oddatölu ekki keyra, hinn daginn bílar með númeri sem endar á sléttri tölu.

Verksmiðjur þurfa að draga úr útblæstri um þriðjung og lokað verður tímabundið fyrir þær verksmiðjur sem mest menga.

Löftgæði í Peking eru mjög lítil. Óvíst er að það takist að koma því í lag fyrir Ólympíuleikana.

- gh

Piltar grunaðir um sinubruna:

Kveiktu í sinu á þaki leikskóla

BRUNÍ Nokkrir piltar eru grunaðir um að kveikja eld í sinu á þaki leikskóla við Gullteig í Reykjavík laust eftir hádegi í gær.

Ekki er vitað til þess að skemmdir hafi orðið á leikskólanum við brunann en eldsvoðinn var bundinn við þak skólans sem var tyrft að sögn varðstjóra hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Til nokkurra pilta sást við leikskólann og eru þeir grunaðir um að hafa kveikt eldinn.

Slökkvistarf gekk vel og hafði eldurinn verið slökktur fljótlega eftir að slökkvilið kom á staðinn.

- ht

Neytendastofa má sekta þegar ekki er farið að reglum um verðmerkingar:

Engar verslanir sektaðar enn

NEYTENDUR Neytendastofa hefur aldrei beitt verslanir sektum þegar reglur um verðmerkingar hafa verið brotnar.

Samkvæmt lögum ber öllum þeim sem selja verslun eða þjónustu að veita greinargóðar upplýsingar um verð. Þessar upplýsingar verða að vera á áberandi stað og tryggt skal vera að neytendur skilji hvaða vara er merkt hverju verði. Uppsett verð skal vera það sama og neytandinn greiðir.

Þórunn Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs Neytendastofu, segist ekki geta svarað því hvers vegna verslanir hafi ekki verið sektaðar en segir að nú sé

verið að uppfæra reglur Neytendastofu.

„Við höfum fengið mikið af kvörtunum og erum farin af stað í verslanir og skoða ástand mála.“ Þórunn segir að með nýjum reglum verði breyting á og að verslanir verði sektaðar. „Eftirlit verður hert og sömuleiðis verður farið að beita sektum.“ Þórunn segir að nýju reglurnar verði einfaldari í sniðum en þær fyrri.

„Reglurnar verða sameinaðar undir einn hatt og verða mun aðgengilegri fyrir neytendur.“ Nýju reglurnar eiga komast í gagnið innan fárra vikna.

- hj



VERÐMERKINGAR Í VERSLUNUM Neytendastofa hefur hert eftirlit með verðmerkingum.

- ht



STRÆTÓ Í ÚTBOÐ Ríflega helmingur aksturs Strætó fer í útboð í haust. Útboð alls aksturs hefur verið rætt innan stjórnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Vilja bjóða allan akstur Strætó út til einkaaðila

Gísli Marteinn Baldursson segist vilja sjá allan akstur Strætó á hendi einkaaðila. Stjórnarformaður Strætó sammála. Formaður stéttarfélags er uggandi. Vinstri græn segja almannajónustu eiga í vök að verjast.

SAMGÖNGUR Gísli Marteinn Baldursson, fulltrúi Reykjavíkur í stjórn Strætó, segist vera sammála stjórnarformanninum, Ármanni Kr. Ólafssyni, um að æskilegt væri að einkaaðilar sæju um allan akstur Strætó. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær verður ríflega helmingur akstursins boðinn út í haust.

Gísli Marteinn segir að hann hefði gjarnan viljað sjá hlut einkaaðila stærri í þessu útboði. „Þetta varð hins vegar niðurstaðan eins og staðan er núna. Stjórnin stendur saman á bak við hana og við erum mjög sátta við þetta fyrirkomulag núna.“

Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, segist ekki hafa heyrt af



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

vilja stjórnarmanna Strætó til að færa allan akstur til einkaaðila. „Við myndum hafa af því mjög miklar áhyggjur ef af yrði. Með því væri verið að rýra kjör og réttindi starfsfólks hjá fyrirtækinu,“ segir Garðar.

Gísli Marteinn segir að með útboðinu nú sé verið að festa það fyrirkomulag í sessi að akstur skiptist nokkuð jafnt á milli einkaaðila og byggðasamlagsins; í bili.

„Það hefur ekkert verið ákveðið



SVANDÍS SVAVARS-DÓTTIR

með það hvort fleiri leiðir verði boðnar út á samningstímanum. Okkar ágætu einkaaðilar hafa staðið sig vel og við munum sjá hvernig þeir standa sig áfram. Það væri óábyrgt að skoða það ekki að auka hlut þeirra ef vel gengur. Sú leið hefur verið farin í nágrannalöndum okkar svo dæmi sé tekið,“ segir Gísli Marteinn.

Svandís Svavarsdóttir, sem sat í stjórn Strætó í tíð 100 daga meirihlutans – en í stjórninni situr einn

fulltrúi hvers sveitarfélags – segir yfirlýsingu Ármanns athyglisverða. „Þarna siglir Sjálfstæðisflokkurinn undir fullum seglum og ég veit ekki hvaðan pólitískt viðnám ætti að koma. Þetta er í beinum takti við það sem er að gerast á landsvísu og almannajónustan á víða í vök að verjast nú um stundir,“ segir Svandís.

Spurður um á hverju það hafi strandað að bjóða fleiri leiðir út núna segir Gísli Marteinn að menn hafi metið stöðuna þannig að ekki væri stemning fyrir því núna. „Til að mynda í Reykjavík held ég að sé ekki stemning fyrir að bjóða allan reksturinn út í einum pakka núna, hvað sem síðar verður.“

kolbeinn@frettabladid.is

STIGAR OG HANDRÍÐ ÚR GLERI OG STÁLI





ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP

Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700




Sigurður Þ. Ragnarsson
veður-
fræðingur

HITABELTIS-LÆGÐIN BERTHA

Nú síðdegis gengur hitabeltislægðin Bertha yfir landið. Hún er fyrrum fellibyljalægð. Ekki er að vænta neinna storma af hennar völdum en henni fylgir hins vegar mikið vatnsveður í dag og það víða um land, einkum þó síðdegis. Vætusamt verður sunnan og vestan til næstu daga.

Á MORGUN
8-15 m/s austan til annars hægari

MÍÐVIKUDAGUR
5-10 m/s víðast hvar



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	19°
Billund	20°
Ósló	23°
Stokkhólmur	20°
Gautaborg	22°
Helsinki	23°
Eindhoven	16°
Amsterdam	17°
London	20°
Berlín	17°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	17°
París	20°
Basel	20°
Barcelona	26°
Alicante	30°
Algarve	30°
Tenerife	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

Í kastljósinu!

Við kynnum margmiðlunarundur frá Dell.



Úrval af mynstrum og litum



Media Direct™



Innbyggt geisladrif



Wi-Fi Catcher™



HDMI tengi



ExpressCard™ tengi



8-i-1 minniskorta lesari



Möguleiki á 2 MP vefmyndavél

Ný Inspiron™ 1525

Nýjasti Intel örgjörvinn tryggir örugga þráðlausa tengingu og frábæra spilun á margmiðlunarefni

INSPIRON™ 1525 insp1525#6

- Intel® Celeron® örgjörvi 550 (2,0GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TruLife skjár (1280x800)
- 1,5GB minni
- 80GB harður diskur, 5400rpm
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

89.900,-

3.675,- á mánuði í 36 mánuði

INSPIRON™ 1525 insp1525#7

- Intel® Pentium® Dual-Core örgjörvi T2390 (1,68GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TruLife skjár (1280x800)
- 2GB minni
- 120GB harður diskur, 5400rpm
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

109.900,-

4.437,- á mánuði í 36 mánuði

INSPIRON™ 1525 insp1525#8

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Premium
- 15,4" Widescreen TruLife skjár (1440x900)
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2,0MP vefmyndavél
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

139.900,-

5.580,- á mánuði í 36 mánuði

* FYRIRVARAR:

Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..



DELL™

YOURS IS HERE



www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallamúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvaldagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindalögregla Suðurlands / Eyraveggi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

KJÖRKASSINN

HP ER HAFSKIP
AD SÖKKVA?

Laslið ítarlega úttak
á mállefnum fyrirtækisins.

Er þörf á að rannsaka Hafskips-
málið betur?

Já	69%
Nei	31%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er rétt hjá forsætisráðherra að
ráða sér ráðgjafa í efnahags-
málum?

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Borgarar drepnir fyrir slysn:

Blóðug helgi í Afganistan

AFGANISTAN, AP Tugir vígamanna og borgara féllu fyrir hendi herafila Atlantshafsbandalagsins (NATO) og Afganistans í Afganistan um helgina.

Að minnsta kosti fjórir borgarar létust af völdum misheppnaðrar sprengjuárásar hermanna NATO. Níu afganskir lögreglu-menn féllu í átökum við hermenn NATO sem höfðu haldið lögreglu-mennina vera vígamenn talibana.

Tugir vígamanna talibana féllu í átökum við afganska herinn, að sögn yfirvalda í Afganistan. Þrjú börn létust þegar bifreið sem þau voru í var ekið yfir jarðsprengju. Yfirvöld segja talibana hafa grafið niður jarðspengjuna.

Yfirmenn NATO í Afganistan hafa beðist afsökunar á falli óbreyttu borgaranna og segja það verða rannsakað.

- gh

Ferðamenn á Hornströndum töldu sig hafa séð tvo ísbirni:

Pyrla og björgunarskip leituðu ísbjarna

VESTFIRÐIR Pyrla Landhelgisgæslunnar og björgunarskipið Gunnar Friðriksson frá Ísafirði voru kölluð út í ísbjarnarleit á Hornströndum seint á laugardagskvöldið. Töldu ferðamenn sig hafa séð tvo ísbirni. Leit var hætt eftir um þrjár klukkustundir, og talið líklegt að um missýningu hafi verið að ræða.

Hópur ferðamanna í gönguferð taldi sig hafa séð tvo bletti í fjallinu Skálakambi nálægt Hælavík. Samkvæmt ferðamönnum voru blettirnir horfnir þegar gengið var aftur framhjá svæðinu nokkru síðar, og var þá ákveðið að hafa samband við lögregluna á Vestfjörðum.

Vitað var af töluverðum fjölda

ferðamanna á svæðinu. Þeir sem náðist í voru hvattir til að sýna írstustu aðgát. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson var kallað út frá Ísafirði með tvo lögreglumenn innanborðs. Pyrla Landhelgisgæslunnar kom á Hornstrandir um miðnætti og sveimaði yfir svæðinu í rúmlega tvær klukkustundir. Engir ísbirnir fundust og var afraðið að hætta leit um klukkan hálf þrjú á sunnudagsnótt. Lögreglan segir talið líklegast að um missýningu ferðamannanna hafi verið að ræða.

Talsmaður lögreglunnar á Vestfjörðum segir að allar tilkynningar í þessa veru séu teknar alvarlega.

- kg



LEIT ÚR LOFTI Pyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð til leitarinnar.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

LÖGREGLUFRETTIR

Róleg nótt í miðborginni

Fjórir gistu fangageymslur lögreglu vegna ölvunar í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt sunnudagsins. Það eru óvenju fáir að sögn varðstjóra. Eriksamt var hjá lögreglu vegna skemmtanahalds í miðborginni, sem þó fór að mestu vandræðalaust fram.

Fimm teknir fyrir hraðakstur

Fimm ökumenn voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbraut í fyrrinótt. Sá sem hraðast ók mældist á 160 kílómetra hraða. Þá var einn stöðvaður grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

BANDARÍKIN

Myrti stúlku fyrir barnið

38 ára kona er í haldi lögreglu í borginni Pittsburgh í Bandaríkjunum grunuð um að hafa myrt barnshafandi átján ára stúlku, skorið hana upp og tekið barnið úr henni. Konan fór með barnið á spítala og hélt því fram að hún ætti það.

Yfir hundrað stundir að undirbúa leyfi

Framkvæmdastjóri Kaffitárs eyddi nýlega yfir hundrað vinnustundum í undirbúning umsókna um leyfi fyrir nýtt kaffihús. Forstjóri fyrirtækisins segir lög sem tóku gildi fyrir ári ekki hafa einfaldað veitingamönnum að sækja um leyfi.

VIÐSKIPTI „Ný lög hafa síst gert lífið einfaldara fyrir okkur veitingamenn,“ segir Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs.

„Framkvæmdastjóri Kaffitárs eyddi nýlega yfir hundrað vinnustundum í undirbúning umsókna um leyfi fyrir nýjasta staðinn okkar.“



AÐALHEIÐUR
HÉÐINSDÓTTIR

Aðalheiður benti fyrir rúmum tveimur árum á að fyrirtæki væru krafín um fjölda vottorða jafnvel þegar opna ætti útibú frá starfsemi sem þegar væri til staðar. Einnig var þá beðið um vottorð um persónulega hagi stjórnenda, eigenda og stjórnarmanna í fyrirtækinu.

Ný lög um veitingastaði, gisti-staði og skemmtanahald tóku gildi 1. júlí á síðasta ári. Tilgangur þeirra var að einfalda leyfisveitingar og draga úr fjölda leyfa, gagna og umsagna sem umsækjendur höfðu áður þurft að afla, að því er fram kemur á vef dömsmálaráðuneytisins.

„Við getum ekki séð að þeim tilgangi hafi verið náð,“ segir Aðalheiður.

Aðalheiður segir að þrátt fyrir að tekist hafi að einfalda hluta ferlisins við tilkomu nýrra laga hafi aðrir hlutar þess flækst.

„Við vorum sífellt send manna á milli og enginn gat sagt okkur til hvers var ætlast,“ segir Aðal-

heiður en bendir á að það gæti komið til vegna þess að um ný lög sé að ræða.

Aðalheiður gagnrýnir einnig að þrátt fyrir að ný lög leyfi stofnunum að óska eftir upplýsingum hver frá annarri geti lögregla enn krafíð veitingamenn um leyfi sem til þurfi.

Kaffitár rekur nú níu kaffihús og telur Aðalheiður ferlið sér-



KAFFITÁR Forstjóri segir enn flókið að sækja um leyfi fyrir nýju kaffihúsi þrátt fyrir ný lög sem tóku gildi síðasta sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Við höfum aldrei skuldað neinum neitt og þykir undarlegt að þurfa að ganga í gegnum þessa vitleysu einu sinni enn.

AÐALHEIÐUR HÉÐINSDÓTTIR
FORSTJÓRI KAFFITÁRS

staklega flókið í ljósi þess. „Við höfum aldrei skuldað neinum neitt og þykir undarlegt að þurfa að ganga í gegnum þessa vitleysu einu sinni enn.“

Haraldur Ingi Birgisson, lögfræðingur hjá Viðskiptaráði, segir að ráðið hafi viljað einföldun á kerfinu þannig að eitt leyfi dygði til reksturs veitingahúsa.

„Við fögnuðum frumvarpinu á sínum tíma enda héldum við að það gerði veitingamönnum einfaldara að fá þessi leyfi,“ segir Haraldur.

„Við stöndum hins vegar enn við þá skoðun okkar að eitt leyfi ætti að vera nóg. Kerfið var óþarflega flókið og er kannski enn.“

helgat@frettabladid.is

10 ltr.
4.590

**KYNNINGAR
VERÐ
Í JÚLÍ**

HÚSASMÍÐJAN
**ÚTI
MALNING**

HÚSASMÍÐJAN
...ekki mál

SIEMENS

Ryksuga VS 01E1800

Létt og lipur. Kirsuberjarauð. Stíllægt afl mótors frá 300 upp í 1800 W. Sjálfinnregin snúra, hleðsluskynjari. 3 lítra poki. Vinnuradíus: 8 m. Vinnuhollt handfang. Stillanleg lengd á sogröri.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Tilboðsverð: 9.900 kr. stgr.
(Verð áður: 12.700 kr.)

Ekki er hægt að ætlast til þess að verslanir beri hag neytenda fyrir brjósti:

Neytendur taki ábyrgð

Neytendur verða að taka ábyrgð á því að fylgjast með vöruverði. Enginn getur ætlast til þess að verslanir beri hag neytenda fyrir brjósti því hlutverk þeirra er að skapa tekjur fyrir eigendur sína. Það er því alltaf undir okkur sjálfum komið að skoða verðmiðana og muna verðið.

Fréttablaðinu barst bréf sem í segir: Mér finnst óþolandi þegar verð vöru í lágvöruverðsverslunum er hærra en í þeim búðum sem maður telur að eigi að vera dýrari.

Þrátt fyrir að



HELGA ÞÓREY
JÓNSDÓTTIR
Staðgengill dr.
Gunnar sem er í frí.



sumar verslanir séu lágvöruverslanir má oft finna í þeim vörur á uppsprengdu verði – þetta verða neytendur að vita og reikna með. Sem dæmi má nefna Daloon-vorrúllur sem kostuðu yfir 700 krónur í Krónunni, síðast þegar ég gáði. Í Bónus kosta þær hins vegar í kringum 350 krónur. Með því að verðleggja eina og eina vöru svo hátt er ekki líklegt að neytendur taki eftir því, fylgist þeir ekki með verðum.

Í bréfinu er einnig rætt um

verð á Euroshopper Tropical ávaxtasafa í Bónus: Þetta er safi sem var lengi vel á 59-70 krónur. Ég fór í Bónus í Holtagörðum um daginn og sá hann þá merktan á 98 krónur. Að sögn ritara bréfsins kom í ljós þegar heim var komið að samkvæmt strimli voru rúkkarar 109 krónur.

Starfsmenn Neytendastofu og Neytendasamtakana segja einum rómi að neytendur verði að fylgjast sjálfir með verðlagningu og hve mikið þeir borgi. Að skoða strimilinn þegar heim er komið er ekki nóg, það verður að skoða verðmerkingar í hillu og strimil við kassa. Ef misræmi uppgötvast of seint er ráð að hringja í Neytendastofu eða fara á heimasíðu þeirra og kvarta. Þau hafa vald til að beita sektum.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

TÍMAMÓTA- SAMKOMULAG

ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA AFSLÁTTUR

Nissan og Ingvar Helgason
hafa gert með sér samkomulag
sem gerir mögulegt að bjóða
glænýjan Nissan með allt að
milljón króna afslætti.



Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

VEISTU SVARIÐ?



1 Hver hefur verið ráðinn til að veita forsætisráðherra ráðgjöf í efnahagsmálum?

2 Hvar fóru Kátir dagar fram um helgina?

3 Hvaða íslenski tónlistarmaður selur te til eins flottasta veitingastaðar í heimi?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30



RAGNAR FREYR INGVARSSON Ragnar segir þann unglækni ekki fyrirfinnst sem sé ánægður með kjör sín.

Félag ungra lækna: Hvetja lækna til að fella

KJARAMÁL Félag ungra lækna (FUL) hefur sent frá sér ályktun þar sem læknar eru hvattir til að fella rúmlega vikugamlan kjarasamning Læknafélags Íslands (LÍ) við fjármálaráðuneytið.

Samningurinn gerir ráð fyrir 4,14 prósentu launahækkun sem felur í raun í sér kjaraskerðingu í ljósi mikillar verðbólgu, að mati Ragnars Freys Ingvarssonar, formanns FUL. Samkvæmt samningnum hækka grunnlaun nýútskrifaðra lækna úr 274 þúsund krónum í 286 þúsund.

Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn er hafin meðal félaga í LÍ. Úrslit verða ljós um 30. júlí.

- gh



HJÚKRUNARFRÆÐINGAR Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsti mörg störf hjúkrunarfræðinga laus um helgina.

Heilsugæslan auglýsir: Keppast um starfsfólk

HEILBRIGÐISMÁL „Eftirspurnin er meiri en frambóðið af fólki í þessar stöður, en við höfum ekki sérstaklega miklar áhyggjur. Þetta er líklega í takt við þann fjölda sem starfar á þessum vinnustað,“ segir Svanhvit Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Heilsugæslan auglýsti mörg störf hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ljósmæðra laus til umsóknar í atvinnublaði Fréttablaðsins í gær, sunnudag.

Milli 600 og 700 manns starfa hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Svanhvit segir stofnunina þurfa að keppa við aðrar heilbrigðisstofnanir um starfsfólk. Einnig sé eitthvað um að starfsfólk sé að hætta vegna aldurs eða taki sér námsleyfi.

- kg

Ný uppskurðaraðferð stýttir endurhæfingartíma líffæragjafa:

Líffæragjöf gegnum naflann

VÍSINDI Læknar við Cleveland-sjúkrahúsið í Bandaríkjunum hafa þróað nýja aðferð við uppskurð vegna nýrnagjafar. Aðferðin stýttir endurhæfingartíma eftir líffæragjöfina og skilur eftir minna ör. Skorið er gat í naflann og nýrað tekið út í gegnum rör.

Ellefu nýrnagjafar hafa gengist undir slíka aðgerð og virðist árangurinn góður. Endurhæfingartími hefur að meðaltali verið sautján dagar samanborið við 51 dag eftir hefðbundna aðferð og sársauki er minni.

Aðgerðin felst í því að skorið er gat í naflann. Rör er sett í gatið

og koltvísýringi blásið inn í kviðarholið svo kviðurinn þenjst út. Læknarnir geta þá komið inn tólum sem þeir nota til að skera nýrað frá og koma því út um rörið.

Í Bandaríkjunum bíða nú átta-tíu þúsund manns eftir nýra en aðeins rúmlega þrettán þúsund gáfu nýra á síðasta ári og þar af var rúmlega helmingur látinn.

Inderbir S. Gill er einn læknanna sem þróaðu hina nýju aðferð. „Mun þetta draga úr tregðu til nýrnagjafar? Ég held að svarið við því sé já,“ sagði hann.

- gh



INDERBIR S. GILL Gill er einn læknanna sem þróað hefur nýja aðferð við nýrna-töku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tvífari Sven-Göran Eriksson: Gabbaði heilt íþróttafélag

MEXÍKÓ Forystumenn mexíkóska knattspyrnuliðsins Universidad Nacional þóttust hafa himin höndum tekið þegar hinn 56 ára Englendingur Derek Williams sótti félagið heim nýlega. Þeir héldu hins vegar að þeir væru að taka á móti Sven-Göran Eriksson, fyrrverandi landsliðsþjálfara Englendinga og núverandi þjálfara landsliðs Mexíkó.

Williams þessi er sláandi líkur Eriksson. Hann þóttist ætla að kanna hæfileika leikmanna liðsins, og fékk konunglegar móttökur. Knattspyrnusambandi Mexíkó ku hafa verið lítt skemmt yfir uppátækinu.

- kg

Borgaryfirvöld heimila að stórt hótél rísi í Kvosinni

Borgarráð samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar og heimilað tvöföldun á byggingarmagni á horni Lækjargötu og Vonarstrætis. Áætlað að rúmlega 7.300 fermetra hótélbygging rísi á reitnum.

SKIPULAGSMÁL Umtalsvert niðurrið og tvöföldun á byggingarmagni er meðal breytinga á deiliskipulagi Kvosarinnar sem borgarráð samþykkti á fundi sínum fyrir helgi. Er gert ráð fyrir byggingu rúmlega 7.300 fermetra hótels og bankaútibús í nýbyggingu á sameinaðri lóð Lækjargötu 12 og Vonarstrætis 4 og 4b.

Meðal húsa sem heimilað er að rífa er hús Glitnis banka, Foreldrahús og bygging við Vonarstræti 4b. Hefur starfsemi Foreldrahúss þegar flutt í Borgartún.

Í bókun skipulagsráðs frá 16. júlí síðastliðnum segir að deiliskipulagstillagan sé vel unnin og telur ráðið að vel hafi til tekist með að koma til móts við athugasemdir nálægna íbúa með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tillögunni eftir auglýsingu.

„Athugasemdirnar snerust aðallega um hæð hússins og umfang þess enda er um mjög stórt hús að ræða,“ segir Helga B. Laxdal, yfirlögfræðingur á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar. Þá segir hún að uppi hafi verið vangaveltur um hvort fleiri hótél vanti á umrætt svæði.

Athugasemdum hafi verið mætt með því að hönnuðir hússins hafi dregið úr byggingamagni að Kirkjutorgi, lækkað húsið um hálfa hæð, tekið glugga sem sneru að íbúðarhúsum og fært vegg.

„Þetta er látlaus bygging,“ segir Helga og bætir við að horft hafi verið til annarra húsa í nágrenninu þegar húsið var hannað.

Byggingin verður frá einni hæð upp í fimm hæðir þar sem hún snýr út að Lækjargötu. Frá Vonarstræti verður ekið í bílakjallara undir byggingunni sem rýma mun 27 bíla og segir Helga kjallarann einnig ætlaðan fyrir aðföng fyrir hótelið.



UMRÆTT SVÆÐI Byggja á rúmlega 7.300 fermetra hótélbyggingu á þremur sameinuðum lóðum á horni Lækjargötu og Vonarstrætis.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HÓTELBYGGINGIN Horft í norður eftir Lækjargötu blasir hótélbyggingin við.



HORN VONARSTRÆTIS OG LÆKJARGÖTU Við hönnun byggingarinnar var tekið mið af öðrum húsum í nágrenni hennar.



SUÐUR EFTIR LÆKJARGÖTU Ásýnd Lækjargötunnar mun breytast nokkuð með tilkomu hótélbyggingarinnar en endanlegur fjöldi hótélherbergja hefur ekki verið ákveðinn.

Áskilið er að jarðhæðin verði almenningsrými og gert er ráð fyrir að útíbú Glitnis verði áfram á jarðhæð hússins. „Parna eiga að vera veitingastaðir, kaffihús, inngarður og möguleiki á að opna út á

götu sem hafði mjög mikil áhrif á hvað skipulagsráð var hrifið af tillögunni,“ segir Helga.

Lóðarhafi er Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. og segir Helga í þeirra höndum hvenær framkvæmdir

hefst. „Lóðarhafar eru mjög áfjádír í að fara af stað sem fyrst. Í lok ágúst er allt klárt af okkar hálfu og þá mega þeir sækja um byggingarleyfi og fara af stað.“

olav@frettabladid.is

Hlíðarfatnaður bifhjólafólks ber hærri tolla en annar öryggisútbúnaður:

Bifhjólaföt tollflokkuð sem tískuvara

SAMGÖNGUR Hlíðarfatnaður bifhjólafólks er tollflokkaður sem tískuvara og ber því hærri tolla í innflutningi en annar öryggisfatnaður.

Fimmtán prósentu tollur er nú greiddur af slíkum fatnaði að sögn Ragnhildar Hjaltadóttur, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu.

„Við teljum slíkan fatnað fyrst og fremst öryggisbúnað en ef fella á tollana niður er það í verkahring fjármálaráðuneytisins,“ segir Ragnhildur.

Bifhjólafólk er ósátt við breytingar á umferðarlögum sem gera þeim skylt að klæðast viðurkenndum lágmarkshlíðarbrúnaði við aksturinn eins og fram

hefur komið í Fréttablaðinu.

Lagabreytingarnar voru gerðar á næstsíðasta þingi eftir frumvarp sem Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra var ein flutningsmanna að en hún var þá í stjórnarandstöðu.

Fatnaðurinn á að vera merktur sérstaklega fyrir notkun á bifhjólum en samgönguráðuneytið vinnur nú að reglugerð um hvað teljist viðurkenndur útbúnaður.

„Þetta hefur ekki verið hugsað til enda,“ segir Sýlvía Guðmundsdóttir, formaður Sniglanna. „Við viljum frekar í samvinnu við klúbba vinna að því að fólk sé í galla en að það sé bundið í landslög.“

- ht



VEL BÚNIR Hlíðarfatnaður bifhjólafólks ber fimmtán prósentu toll eins og tískuvara meðan öryggisbúnaður er tollfrjál.

FRÉTTABLAÐIÐ/AÐUNN

100%

FJÁRMÖGNUN

ÞEGAR ÞÚ KAUPIR NÝJAN NISSAN

Við lagfærum birgðastöðuna og bjóðum nýja Nissan bíla með allt að milljón króna afslætti og möguleika á 100% fjármögnun í íslenskri og erlendri mynt.

Gríptu tækifærið meðan það gefst og fáðu þér nýjan Nissan á einstöku verði.



Hringdu núna og kynntu þér lánamöguleika í síma 525 8000



Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

GRÍPTU TA

VIÐ LAGFÆRUM BIRGÐASTÖÐ

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra svo um munar og látum viðskiptavini okkar njóta þess. Komdu og skoðaðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.

100%

FJÁRMÖGNUN

Á NÝJUM BÍL FRÁ NISSAN MEÐ 50/50 ÍSLENSKRI OG ERLENDRI MYNTKÖRFU

- 900.000 kr.



Nissan Patrol SE

Verð áður: 6.390.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **5.490.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 91.096 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,41%

- 470.000 kr.



Nissan Qashqai SE

Verð áður: 3.890.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **3.420.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 48.135 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,46%

- 420.000 kr.



Nissan Note Visia

Verð áður: 2.510.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **2.090.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 29.524 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,53%

- 520.000 kr.



Nissan X-trail SE

Verð: 4.610.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **4.090.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 57.511 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,44%



24 tíma þjónusta alla daga ársins

Þú hefur aðgang að **24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári**, í öllum löndum Evrópu á ábyrgðartíma nýja Nissan bílsins þíns. Vegaaðstoðin er þér að kostnaðarlausu. Í henni felst m.a. viðgerð á óvæntri bilun, hvar sem hún á sér stað á merktum vegi, dráttarþjónusta á næsta þjónustuverkstæði ef nauðsyn krefur og lánsbíll eða leigubíll, lestar- eða flugfar, ef biðna þarf eftir varahlut og langt er heim. Sjá nánari skilmála í bæklingnum Nissan vegaaðstoð.



Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

EKIFAERID

DUNA

- **1.000.000 kr.**



Nissan Pathfinder SE

Verð áður: 6.490.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **5.490.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 91.096 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,41%



- **340.000 kr.**



Nissan Micra Visia

Verð: 2.190.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **1.850.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 26.165 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,55%

- **500.000 kr.**



Nissan Tiida Visia+

Verð: 2.890.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **2.390.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 33.722 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,51%

- **600.000 kr.**



Nissan Navara SE

Verð: 4.390.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **3.790.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 53.313 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,45%

- **550.000 kr.**



Nissan Murano

Verð: 7.340.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **6.790.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 95.294 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,40%

100% fjármögnun á nýjum bíl frá Nissan

Við bjóðum þér að taka allt að 100% lán fyrir nýjum Nissan. Útborgunin er þá engin og mánaðargreiðsla miðast við Bílasamning til 84 mánaða – myntkörfu sem er 50% erlend mynt / 50% íslensk króna. 100% lán er í boði á takmörkuðum fjölda bíla.

*Í útreikningum á mánaðargreiðslu hvers bíls er miðað við 20% útborgun og 84 mánaða samningstíma. Myntkarfa 50% erlend mynt / 50% íslensk króna.

Verð bílanna miðast við gengi 18. júlí



OPIÐ TIL KL. 21.00 Í KVÖLD

FBL-GREINING: HRYÐJUVERKASAMTÖKIN AL-KAÍDA

Hreinsun íslamlanda

Al-Kaída, „bækistöðin“ á arabísku, eru alþjóðleg hryðjuverkasamtök súnni-íslamista sem Osama bin Laden stofnaði árið 1989. Endanlegt markmið þeirra er að sameina múslima í eitt ríki undir íslamskrí stjórn sem væri „hreint“ af vestrænum áhrifum. Samtökin hafa staðið á bak við alræmdar hryðjuverkaárásir, á borð við árásirnar í New York árið 2001 og í London árið 2005.

Hver er uppruni al-Kaída?

Al-Kaída varð til meðal íslamskra vígamanna sem höfðu hrundið innrás Sovétmanna í Afganistan með aðstoð Bandaríkjamanna og Sádi-Araba. Höfuðstöðvar samtakanna færðust til Súðans 1991 en fluttust aftur til Afganistans 1996 þar sem vel var tekið á móti þeim af stjórn talibana. Samtökin komu þar upp þjálfunar búðum fyrir hryðjuverkamenn.

Hvað hefur al-Kaída gert?

Al-Kaída hefur staðið á bak við ýmis vel þekkt hryðjuverk. Meðal þeirra er sprengjuárás á sendiráð Bandaríkjanna í Kenýu árið 1998, árás á Tvíbura-turnana og Pentagon í Bandaríkjunum árið 2001, sprengjuárás í lestarkerfi Madríd árið 2004 og sprengjuárás í lestarkerfi Lundúna árið 2005. Öflug deild al-Kaída hefur starfað í Írak og hindrað viðleitni til uppbyggingar eftir innrás Bandaríkjamanna og annarra árið 2003.

Hvernig hefur „stríðið gegn hryðjuverkum“ gengið?

Eftir hryðjuverkaárásina á Bandaríkin árið 2001 lýsti George W. Bush Bandaríkjaforseti yfir „stríði gegn hryðjuverkum“. Bandaríkjamenn réðust ásamt öðrum Atlants-hafsbandlagsríkjum inn í Afganistan í nóvember 2001 og steypu talibanastjórninni af stóli. Yfirstjórn al-Kaída, þar á meðal bin Laden, tókst þó að flýja austur yfir landamærin við Pakistan. Líklegt er að hún dveljist enn þar á svæðum sem pakistönsk stjórnvöld hafa lítið vald yfir. Bandaríkjamönnum hefur tekist að handsama eða drepa marga hátt setta aðila innan raða al-Kaída. Erfitt hefur þó reynst að uppræta samtökin þar sem innan þeirra starfar fjöldi deilda víða um heim sem starfað geta nokkurn veginn sjálfstætt.



GANGA.IS

Ungmennafélag Íslands

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið



Ganga um Hengils-svæðið

Þriðjudaginn 22. júlí verður farin fræðslu- og gönguferð á Hengilssvæðinu. Hugað verður að orkunni og beislun hennar, orkujarðfræði, gróðri og sögu. Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól kl. 19:30. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumenn eru Einar Gunnlaugsson jarðfræðingur og Guðríður Helgadóttir lífræðingur.



• OR ætlar að knýja meirihluta bílaflota síns með vistvænum eldsneytisgjöfum árið 2013. www.or.is

FRÉTTASKÝRING: Stríðsglæpir í Darfúr-héraði í Súdan



FRÍÐARGÆSLULIÐAR Í DARFÚR Saksóknari stríðsglæpadómstólsins í Haag telur sig hafa fullar sannanir fyrir því að al-Bashir Súðansforseti beri ábyrgð á fjöldamorðum og öðru ofbeldi vígamanna í Darfúr-héraði.

Súðansforseti ákærður

Heimild Alþjóðlega sakamáladómstólsins til að rannsaka stríðsglæpi í Darfúr-héraði er komin frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, sem fól dómstólnum málið fyrir þremur árum.

Á rúmlega klukkustundarlöngum fundi í öryggisráðinu, sem haldinn var að kvöldi 31. mars árið 2005, samþykktu ellefu af fimmtán aðildarríkjum ráðsins ályktun um að fela Alþjóðlega sakamáladómstólnum, sem er stríðsglæpadómstóll á vegum Sameinuðu þjóðanna með aðsetur í Haag, að rannsaka ástandið í Darfúr-héraði, þar sem þjóðarmorð virtist hafa verið í algleymingi mánuðum saman.

Fjögur ríki sátu hjá við atkvæðagreiðsluna: Alsír, Brasilía, Kína og Bandaríkin. Fulltrúi Bandaríkjanna á fundinum sagði stjórn sína vera sam-mála því að rannsaka eigi stríðsglæpi í Darfúr og draga hina seku til ábyrgðar. Þess vegna hafi Bandaríkin ákveðið að beita ekki neitunarvaldi sínu í ráðinu, en sleppa því samt að greiða atkvæði vegna þess að þau eru andvíg dómstólnum í Haag.

Niðurstaða saksóknara

Aðalsaksóknari dómstólsins í Haag, Louis Moreno-Ocampo, hefur nú, rúmlega þremur árum síðar, komist að þeirri niðurstöðu að handtaka eigi Omar al-Bashir Súðansforseta fyrir þjóðarmorð,

stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu. Nefnd þriggja dómara dómstólsins, svonefnd forréttarstofa, fékk um leið það verkefni að fara yfir sönnunargögnin, sem saksóknarinn hefur aflað, og taka afstöðu til þess hvort fara eigi fram á handtöku forsetans.

Sú vinna gæti tekið nokkra mánuði. Fari svo að alþjóðleg handtökubeiðni verði lögð fram, gæti þó reynst hægara sagt en gert að handtaka al-Bashir. Súðansstjórn harðneitar því að dómstóllinn hafi nokkra lögsögu í málinu, enda er Súdan ekki aðili að dómstólnum – ekki frekar en Bandaríkin.

Engin samvinna

Þótt öryggisráðið hafi, í fyrrnefndri ályktun frá 2005, krafist þess að Súðansstjórn sýni dómstólnum fulla samvinnu við rannsókn málsins, þá hefur stjórninni ekki dottið í hug að ansa því.

Á síðasta ári ákærði saksóknarinn tvo aðra Súðani fyrir stríðsglæpi í Darfúr. Annar þeirra er Ahmed Muhammed Harun, núverandi ráðherra mannúðarmála í Súdan, en hann var áður yfirmaður öryggismála í Darfúr-héraði. Hinn er Ali Kushayb, einn helsti leiðtogi vígasveita araba, svonefndra janjaweed-sveita, sem dómstóllinn telur hafa fullvissu fyrir að hafi með vitund og að undirlagi stjórnvalda stundað skipulagða ofbeldisherferð á hendur íbúum Darfúr.

Súðanstjórn tekur ekki í mál að framselja þessa tvo menn til dómstólsins. Því síður mun hún afhenda forseta landsins, þannig

að ákæran er í reynd varla annað en orðin tóm sem útilokað gæti reynst að fylgja eftir í verki.

Óvissa

Óljóst er því hvaða gildi ákæra dómstólsins hefur í raun. Þó má reikna með því að þrýstingur á Súðansstjórn og al-Bashir forseta aukist á alþjóðavettvangi. Hann mun ekki eiga jafn auðvelt með að ferðast til annarra landa, þar sem hann má fastlega búast við handtöku stigi hann á land sem aðili er að dómstólnum.

Ekki verður staða hans þó svo slæm að hann eigi hvergi í skjól að venda. Bæði Arababandalagið og Afríkusambandið hafa gagnrýnt yfirlýsingu saksóknarans og ákæruna á hendur al-Bashir. Hann ætti því að geta ferðast áfram til margra araba- og Afríkulanda, að minnsta kosti.

Tímamót

Ákæran á hendur al-Bashir markar þó tímamót og er í raun einsdæmi því aldrei fyrr hefur þjóðarleiðtogi verið ákærður fyrir stríðsglæpi meðan hann situr enn að völdum.

Í fjölmiðlum víða um heim hafa menn velt því fyrir sér hvaða þýðingu þessi tímamót hafi.

Mark Levine, sagnfræðiprófessor við Kaliforníuháskóla í Bandaríkjunum, spyr til að mynda í grein, sem birtist á vef arabísku fréttastöðvarinnar Al Jazeera, hvort nú verði ekki George W. Bush Bandaríkjaforseti örugglega næst ákærður fyrir að fyrirskipa stríðsglæpi Bandaríkjahers í Írak.

Fleiri hafa velt þessum möguleika fyrir sér, en hann virðist þó afar fjarlægur. Nærtækara er að óttast að ákæran og hugsanleg handtökubeiðni hafi áþreifanleg áhrif á starfsskilyrði þeirra alþjóðlegu friðargæsluliða sem starfað hafa í Darfúr-héraði.

Nicolas D. Kristof, dálkahöfundur í International Herald Tribune, spyr hins vegar hvort nú þurfi ekki að ákæra kínversk stjórnvöld fyrir að vera samsek þjóðarmorðinu í Darfúr-héraði, þar sem megnið af skotvopnum stjórnarhersins og vígasveitanna í Súdan hefur verið keypt frá Kína, auk þess sem Kína hefur selt Súðansstjórn herþotur og séð um að þjálfa súðanska orrustuflugmenn.

Þessi möguleiki einn og sér gæti styrkt stöðu íbúanna í Darfúr. Hætti Kínverjar að útvega Súðönun vopn gæti al-Bashir átt fárra annarra kosta völ en að sætta sig við öflugra friðargæslustarf.



ÁKÆRÐUR FYRIR STRÍÐSGLÆPI Omar al-Bashir komst til valda í Súdan árið 1989 og tók sér alræðisvald fjórum árum síðar.



FRÉTTASKÝRING
GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Ég mæli hiklaust með **IQ-CARE**

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!

Sölvi Fannar Viðarsson
Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar



SUMARTILBOÐ



Stillanleg rúm með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnu

Multimemo	Verð áður	Tilboð
120x200	269.900	179.900
160x200	389.900	239.900
180x200	409.900	249.900
Swissflex 145	Verð áður	Tilboð
160x200	299.900	169.900
180x200	309.900	179.900



COE leðurrúmstæði
fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930** Verð áður 109.900

40-50% afsláttur af völdum
svefnherbergishúsgögnum

Chiropractic Luxury á tilboði
Queen 153x203 með botni og fótum
Tilboð **181.300**
Verð áður 289.000



Takmarkað magn



Óseyri 2

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00

www.svefn.is

Úti í Guðs grænni náttúrunni:

Náðhús

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Í gamla endurgerða bænum á Stöng var vatnssalerni. Þar gátu menn setið í röðum og gengið örna sinna, átt samverustund því gert var ráð fyrir fleiri en einu setri. Lækur er sagður hafa runnið gegnum mörg stærri hús á miðöldum hér á landi. Í öðrum menningarsamfélögum er ástand salernismála víða talið til marks um verkunnáttu og almenna siði. Fornar menningarþjóðir sem kunnu að nýta sér vatn beittu straumi til að koma burt mannlegum úrgangi. Reykjavík komst á nýtt stig borgaralegrar menningar þegar súkkulaðivagninn hætti ferðum sínum um bæinn og skólplögn var lögð í bæinn og vatnssalernin komu til. Safnþrær við bæi breyttu miklu um lífshætti, ekki var lengur gengið í hauginn og stítt gert í skjóli. Á víðavangi héldu menn áfram að halla sér að þúfu og gera stykki sín í næði.

Nútímafólk er illa kunnandi um að hylja slóð sína með grjóti eða gróðri. Ósjaldan verður að flýja hentug tjaldstæði sökum lakrar umgengni.

Og gera enn. Salernisvandamál eru víða áþreifanlegt viðfangs-efni þeirra sem koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Ef leitað er í harðbala með tjalð í göngufæri frá vegaslóðum verður tjaldbúi að hefja skönnun á svæðinu og kanna hvar menn hafa hægt sér í nágrenninu. Pappírinn vísar veginn. Nútímafólk er illa kunnandi um að hylja slóð sína með grjóti eða gróðri. Ósjaldan verður að flýja hentug tjaldstæði sökum lakrar umgengni.

Á fjölsóttum ferðastöðum við náttúruperlur er salernisaðstaða víða bágborin. Sú stefna að gera slíka staði sjálfbæra um kamra eða vatnssalerni með gjaldtöku er ekki enn virt sem skyldi. Og á meðan það er ekki eru sveitir að bjóða gestum sínum upp á hraklegan sóðaskap þar sem aðkomandi vilja njóta náttúruvegurðar í landshátum. Saur er úti um allt með víðeigandi umbúðum, flögrandi klósettpappír skreytir greinar og grundir.

Við erum menningarlaus í salernum fyrir almenning. Stjórnvöld – heilbrigðisnefndir – skjóta sér á bak við skort á framkvæmdafé: náðhús þurfa vatn, safnþrær, viðhald og umsjón. Og meðan sú stefna er uppi breytast stórir ferðamannastaðir í skítapleis. Gestir okkar verða að gera sér það að góðu að gera þarfir sínar í Guðs grænni náttúrunni.

Ekkert stöðvar þá fyrir en almennt verður viðurkennd sú staðreynd að kosta verður til fjármunum til að gera fastsóttá viðkomustaði mönnum bjóðandi. Því á að kosta inn á slík svæði og um leið að bjóða upp á mannsæmandi aðstöðu. Dæmið af Detti-fossi er nýlegt og var víst ekki neinum til sóma.

Og það er ekki bara í sveitum þar sem almannavettvangur verður fólki brýnn þegar því er brátt í brók: í miðborg Reykjavíkur verða íbúar að njóta þeirrar ánægju að þrifa mannaskít úr gördum sínum, sprauta hlandstokkin horn og veggkróka þar sem bjórdrykkjumenn hafa létt á sér. Bara sökum þess að borgaryfirvöld geta ekki komið upp fullnægjandi salernisaðstöðu á fjölsóttum götum í borginni.

Þessi menningarsnauga afstaða til brýnna úrlausnarmála fyrir allan fjöldann er okkur til vansa. Skortur á náðhúsum, kömrum og vatnssalernum á almannavettvangi hér á landi er skítamál.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Öli Kr. Ámannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Það er glaðningur frá Office1 á leið inn um póslúguna þína á næstu dögum

Allt fyrir skólann

Office1 Superstore

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ótrúleg áhrif


Því verður varla andmælt að hér á landi er vart hægt að finna áhrifameiri tónlistarmann en Bubba. Það sem upp úr honum vellur verður iðulega vatn á mylli fjölmiðlafólks og gildir þá einu hvort hann lýsi því yfir á blogg síðu sinni að honum þyki leiðari í tónlistarblaði asnalegur eða að Björk og Sigur Rós hefðu frekar átt að syngja geng fátækt en með náttúrunni. Nú hefur Bubbi lýst því yfir að hann hafi ekkert ætlað að „dissa“ Björk eða Sigur Rós með ummælum sínum. Honum þyki það „flott og gott mál að geta tengt sig andlega við þúfur og steina og fundið fyrir ást til náttúrunnar“. Vissulega má deila um hvort í þessari setningu felist



diss eður ei. Andleg tenging við þúfu þykir þó líklega seint eftirsóknarverð.

Bætur fyrir Bubba

Jónas Sen, sá mikli alltmúligmann tónlistarinnar, er einn þeirra sem lagt hafa orð í belg í deilunni hans Bubba. Á heimasíðu sinni greinir hann vandan eða eins og hann segir: „Bubbi segist hafa tapað stórfé á hlutabréfamaðöðinum. Björk og Sigur Rós, og við hin sem ekki þáðum laun fyrir tónleikana í Laugardalnum, hefðum því kannski átt að tileinka þá Bubba og fjárhag hans! Eg sé nú að Björk hefur verið að berjast fyrir kolröngum málstað...“



Skitið á náttúruperlur

Sú skoðun er útbreidd á Íslandi að aðeins sé hægt að vera með áli og á móti túristum eða öfugt. Blanda þessara tveggja þátta sé ómöguleg, jafnvel hlægileg, hugdetta. Líkur má leiða að því að það hlakki í mörgum virkjansinnanum nú þegar fréttir berast af því að ágangur ferðamanna á ýmis vinsæl svæði sé orðinn hættulega mikill og ferðamenn gangi nú allir örna sinna í hrönnum í náttúruperlunum. Einhverjir gætu þó líka velt því fyrir sér hve miklu fé hefur verið veitt til uppbyggingar stóriðju á síðustu árum og svo því hvers vegna ekki sé hægt að veita nægilegu fé til að halda gangandi kömrum og annarri nauðsynlegri aðstöðu fyrir ferðamenn.

karen@frettabladid.is

Fóstbræður

Saving Iceland var með aðgerðir á laugardaginn á athafnasvæði Norðuráls í Helguvík þar sem hópurinn mótmælti jarðhitavirkjunum og vakti athygli á mannréttindabrotum Century Aluminum í Afríku og á Jamaíku, að því er sagði í fréttum. Þetta var kunnuglegt. Fólk tjóðaði sig við vélar og prílaði í krönum og allt fór víst vel og skikkanlega fram. Lögregla fylgdist álangdar með aðgerðunum án þess að hafast að en handtók þó einn mótmælanda í lokin fyrir þær sakir að vilja ekki segja til nafns.

Hinar vikulegu mótmælaaðgerðir

Viðbúnaður lögreglunnar var nokkuð mikill. Til að fylgjast með þessum mótmælaaðgerðum voru fjórtán lögreglumen kvaddir til. Kunnugleg tala? Mikil rétt: Þetta eru nákvæmlega jafn margir lögregluþjónar og voru fyrir í mánuðinum sagðir hafa verið á vakt í miðborg Reykjavíkur um helgi til að hafa hemil á þeim óeirðum sem geisa þar vikulega. Ölaði fólks frá fermingaraldri og uppúr í miðborg Reykjavíkur má kalla nokkurs konar mótmælaaðgerðir að sínu leyti. Þar mótmælir fólk lífi sínu. Og er svo heitt í hamsi að full ástæða er til að hafa mikinn viðbúnað. Kannski er ástæða til að taka það fram að þetta almenna íslenska ölaði fram á morgun og sú vargöld sem skapast af því er ekki lögreglunni að kenna eins og stundum mætti ætla af umræðunni: Fylleri er ævinlega þeim einum að kenna sem fullir eru.

Munurinn á mótmælaaðgerðum Saving Iceland-hópsins og hinum alíslensku helgaróeirðum er með öðrum orðum sá að þeir sem hrynja um miðbæinn bolverdisk og brjótdansk eru viti sínu fjær af drykkju og því óútreiknanlegir, auk þess sem þeir trufla næturfríð og eru öllum til ama og leiðinda.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Lögreglumál

Meðlimir Saving Iceland eru hins vegar að því er best er vitað almennt allsgáðir, og þótt þeir fari í taugarnar á mörgum kallar það í sjálfu sér ekki á fjórtán manna lögreglulíð.

Þeir eru líka nokkuð fyrirsjáanlegir í aðgerðum sínum sem felast allar í nokkurs konar stefnumóti mótmælenda og vinnutækis. Mótmælendinn prilar upp í vinnutækið eða hlekkjar sig við það: Notar líkama sinn til að sýna fram á að vinnutækið hefur ekki sjálfstæðan vilja eða sjálfvirkni heldur er stýrt af fólki, sem hefur heilabú.

Nokkurra klukkustunda hlé á starfsemi slíkra tækja af mannavöldum er talin ámóta ógnvænleg og kaótísk framrás frávíta manna af alls kyns ölyfjan sem fara um miðborg Reykjavíkur eins og víkingahópur í Gerplu – í skartklæðum – og rífa og mölva og öskra og spræna út um allt á algerlega tilviljanakenndan hátt.

Er einkavæðing lögreglunnar á dagskrá ríkisstjórnarinnar? Er rætt um hana í stjórnarsáttmálanum? Er planið að til verði öflugur Ríkislögreglustjóri sem hafi með höndum „forvirkar aðgerðir“ (njósnir) en um almenna löggæslu sjái nokkurs konar einkaherir eins og tíðkuðust á miðöldum. Ekki verður annað séð en að Sjálfstæðismenn vinni markvisst að slíkri einkavæðingu hvar sem þeir koma því við, í sveitarstjórnun þar sem þeir ráða lögum og lofum, svo sem

„Tibbi-tibbi-tibb-tibbitibb“

Ekki skal dregið í efa að það fólk sem á að sinna löggæslu í frjáls-hyggjubæjunum leggur sig fram í hvetivena en maður veit hins vegar ekkert hvaða fólk þetta er, hvaða þjálfun það hefur fengið, og hvers við getum vænst af því. Við vitum ekki hvers konar umboð slíkur einkaher hefur frá almannavaldinu til að framfylgja lögnum. Slíkt umboð fer ekkert á milli mála þegar lögreglan hefur afskipti af borgurum, hvort sem það er til að benda á að parkljósín séu bíluð, ná kettinum af þakinu eða til að yfirbuga óðan mann. Maður frá Securitas hefur ekki slíkt óumdeilt umboð, að minnsta kosti ekki í vitund almennings. Við berum vissa virðingu fyrir búningi lögreglunnar en hvers vegna ættum við að bera virðingu fyrir manni í Securitas-búningi?

Þegar ég var lítill og hlustaði á óskalaþætti sjómanna og sjúklinga og beið þolinmóður eftir næsta lagi með bresku Bítlunum þurfti maður alltaf að hlusta á vissan skammt af sjómannalögum með 14 Fóstbræðrum; sem var einmitt nokkurs konar sersveit úr karlakórnum Fóstbræðrum. Þessir 14 sérhæfðu sig í syrpum: þeir trölluðu á hundavæði gegnum nokkur sjómannalög sem urðu fyrir vikið eiginlega eins og ávæningur af viðkomandi lögum – hugmynd um þau – en ekki raunveruleg lög.

Þannig lögreglu virðist standa til að bjóða okkur upp á: menn í búningum sem líkjast löggubúningum, menn sem eru frekar ávæningur af löggum en raunverulegar löggur.

Reykjavík og landsbyggðin

UMRÆÐAN

Guðjón Arnar Kristjánsson skrifar um byggðamál

Í höfuðborginni Reykjavík eru öll helstu þjónustufyrirtæki og stofnanir landsins. Þegar mest liggur við, t.d. um sjúkrahjónustu, leitar fólk þangað. Þar eru líka ráðuneytin sem og Alþingi og þaðan er vegagerð, flugmálum, siglingum, flutningum, verslun o.fl. stjórnað. Þar eru stóru leikhúsin og þar er verið að reisa tónlistarhöll.

Vissulega býr landsbyggðin að þjónustu og hún hefur sums staðar batnað en líka hrakað annars staðar, því miður. En Reykjavík er engu að síður höfuðborgin og þangað þurfa allir að eiga greiða leið. Venjulegur Íslendingur, sem ekki á einkaflugvél eða þyrli, ferðast fyrst og fremst um þjóðvegina eða með áætlanarflugi, en flugfélögin sjá einnig um hluta af vöruflutningi út á land. Sums staðar, t.d. á Vestfjörðum, er vegagerð enn mjög ábótavant og veðrið setur fluginu takmörk. Reykjavíkurflugvöllur er lykillinn að þjónustu sem allir landsmenn þurfa að sækja. Hvers vegna vill fjöldi borgarbúa ekki hafa flugvöll til að Reykjavík geti



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

gegn hlutverki sínu sem höfuðborg? Sem betur fer er þó skilningur á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar og meirihlutinn er hlynntur honum.

Borgarstjórnin, Ólafur F. Magnússon, hefur verið fylginn sér í stefnumótun mála sem hann var kosinn út á. Staða F-listans í Reykjavíkurborg er hins vegar afar sérstök, þar sem borgarstjórnin er ekki í Frjálslynda flokknum. Skoðana-kannanir sýna að margir í Frjálslynda flokknum styðja ekki F-lista á meðan forustumaður listans, borgarstjórnin, tekur ekki af skarið um hvar hann ætlar

sinn gönguslóða til framtíðar.

Það er hins vegar ljóst, að borgarstjóri lítur á Reykjavík sem þjónustumiðstöð fyrir alla landsmenn og eigi að sinna því hlutverki af kostgæfni. Svipur og yfirbragð sem og varðveisla sögu Reykjavíkur kemur okkur, sem búum á landsbyggðinni, líka við. Eins koma málefni landsbyggðarinnar við, til dæmis í atvinnu- og menntamálum, náttúruvernd, samgöngum og þjónustu.

Ég vænti þess að þar eignum við samleið með velferð til framtíðar.

Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins.

appliance

- ✓ Kraftmikill eyjuháfur með glerskyggni og halogen lýsingu
- ✓ Fyrir útblástur eða kolasiu
- ✓ Verð áður kr. 69.900

Verð nú 49.900 **AFSLÁTTUR 29%**

20 gerðir af viftum og háfum með allt að **50% afsl.**

appliance

- ✓ 60 cm veggháfur með kraftmiklum mótör
- ✓ Góð vinnulýsing
- ✓ Burstað stál
- ✓ Verð áður kr. 22.900

Verð nú 16.900 **AFSLÁTTUR 27%**

Electrolux

- ✓ Flott eldavél með fjölkerfa blástursofni
- ✓ Grill + undir- og yfirhiti
- ✓ Keramik helluborð
- ✓ Hvít
- ✓ HxBxD: 90x59,6x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 112.900

Verð nú 89.900 **AFSLÁTTUR 20%**

EYJU-HAFUR

Electrolux

- ✓ Glæsilegur eyjuháfur með glerskyggni og stálbrúnum
- ✓ Halogen lýsing og snertitakkar
- ✓ Fyrir útblástur eða kolasiu
- ✓ Verð áður kr. 149.900

Verð nú 99.900 **AFSLÁTTUR 34%**

EYJU-HAFUR

ZANUSSI

- ✓ Rúmmál kælis 230 lítrar og 105 lítra frystir
- ✓ Orkunýtni A
- ✓ MAXI frystiskúffur með betri nýtingu og nægu rými
- ✓ Flöskurekki úr stáli
- ✓ 2 stórar grænmetis-skúffur
- ✓ Glerhillur með kanti
- ✓ Sjálfvirk afþiðing í kæli
- ✓ Hljóðlátur 38 dB(A)
- ✓ HxBxD: 175x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 94.900

Verð nú 74.900 **AFSLÁTTUR 22%**

ZANUSSI

- ✓ Vandað 5 hellu gasborð með grindum úr pottjárn
- ✓ WOK hella
- ✓ Verð áður kr. 59.900

Verð nú 37.900 **AFSLÁTTUR 37%**

appliance

- ✓ Vandaður blástursofn með 6 eldunarkerfum þ.á.m. grill
- ✓ Stafræn klukka
- ✓ Burstað stál
- ✓ Verð áður kr. 59.900

Verð nú 39.900 **AFSLÁTTUR 34%**

Electrolux

- ✓ Amerískur kæli- og frystiskápur hlaðinn þægindum
- ✓ Fullkomin klakavél - vatn, klakar og mulinn ís
- ✓ Kámfritt burstað stál á alla sýnilega fleti
- ✓ Afar vönduð innrétting með svæðisskiptum kæli-rýmum, útdregnum hillum og skúffum.
- ✓ Verð áður kr. 379.900

Verð nú 299.900 **AFSLÁTTUR 20%**

Spáraðu 70% allt að

ÚTSALA!

Síðustu dagar!

Verð nú 1.290 **AFSLÁTTUR 67%** **2.990**

Eldhúsvog digital með skál

Verð nú 4.990 **AFSLÁTTUR 29%** **6.990**

Blandari með glerkönnu 500W

Verð nú 4.990 **AFSLÁTTUR 45%** **8.990**

Safapressa burstað stál

Verð nú 3.990 **AFSLÁTTUR 34%** **5.990**

Matvinnsluvél með fjölda fylgihluta

Verð nú 1.490 **AFSLÁTTUR 70%** **4.990**

Crepe járn fyrir hleðslu

Verð nú 2.990 **AFSLÁTTUR 50%** **5.990**

Flott stálbrauðrist Blue Light

Verð nú 3.990 **AFSLÁTTUR 27%** **5.490**

Mjög vandað vöflluþrá m/hitastilli

Verð nú 4.990 **AFSLÁTTUR 34%** **6.990**

Hraðsuðukanna stál Blue Light

Verð nú 15.990 **AFSLÁTTUR 15%**

Electrolux

Ergorapido 2 í 1 hand-ryksuga og léttryksuga fyrir hleðslu. Undraverð nýjung sem allir verða að eignast. Verð áður kr. 18.990

Verð nú 1.990 **AFSLÁTTUR 43%** **3.490**

Hítapúði rafmagns með veri

Verð nú 990 **AFSLÁTTUR 45%** **1.790**

Ferðahárblásarar - 3 litir

Verð nú 1.990 **AFSLÁTTUR 43%** **3.490**

Gufustraujárn 1800W

Verð nú 3.990 **AFSLÁTTUR 34%** **5.990**

Ryksuga 1400W hvít

B-Vörur

Útlitsgallað - sýninga-eintök og restar

40-70% afsláttur

Brauðristar - hraðsuðukönnur kaffivélar - blandarar - straujárn vogir - vöflluþrá - hárbásarar sléttujárn - baðvogir - ryksugar hárklippur - mínútugrill - kvarnir matvinnsluvélar - rakatæki - dósaopnarar - WOK pönnur - kleinuhringjárn - safapressur djúpst.pottar - pizzaofnar - ísvélar - naglasnyrtiset

Takmarkað magn

Rafha


Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Opíð
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-16

ERNEST MILLER HEMINGWAY
RITHÖFUNDUR VAR FÆDDUR
PENNAN DAG ÁRIÐ 1899.

„Menn skulu aldrei halda
að stríð sé ekki glæpur,
sama hversu réttlætanlegt
það kann að virðast.“

Ernest Hemingway var banda-
riskur rithöfundur og nóbels-
verðlaunahafi. Meðal verka
hans eru Vopnin kvödd, Hverj-
um klukkan glymur og Gamli
maðurinn og hafið.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 21. JÚLÍ 1963

Skálholtskirkja vígð

Skálholtskirkja, sem teiknuð var af Herði Bjarnasyni húsameistara ríkisins, var vígð þennan dag árið 1963 með mikilli viðhöfn. Gestir voru á fimmta hundrað talsins og voru í prósessiunni liðlega áttatíu prestar, prófastar og biskupar. Auk þess voru forsetahjónin, fulltrúar ríkisstjórnarinnar og fjöldi erlendra gesta viðstaddir vígsluna. Athöfnin var öll hin hátíðlegasta.

Stjórnvöld veittu allmörgum afbrotamönnum uppgjöf saka í tilefni af vígslunni.

Skálholt er einn af merkustu sögu-
stöðum á Íslandi, næst Þingvöllum.
Þar varð biskupssetur þegar árið 1056
og kristni á Íslandi hefur verið hnytt
fastari böndum við Skálholt en nokk-
urn annan stað.



MERKISATBURÐIR

- 1808 Sveitalögreglu Íslands komið á og hreppstjórar gerðir að lögreglumönnum.
- 1939 Tveir þýskir kafbátar koma til Reykjavíkur rúmum mánuði áður en síðari heimsstyrjöldin skellur á.
- 1944 Adolf Hitler tilkynnir í útvarpi að hann sé á lífi eftir morðtilraun í höfuðstöðvum hans daginn áður.
- 1970 Byggingu Aswan-stíflunnar yfir ána Níl í Egyptalandi lýkur. Gerð hennar tók ellefu ár.
- 1987 Héðinn Steingrímsson verður heimsmeistari í skák á móti fyrir börn 12 ára og yngri.
- 1994 Tony Blair er kosinn leiðtogi Verkamannaflokksins í Bretlandi.

AFMÆLI



**GUÐRÚN
KVARAN**
prófessor er
sextíu og fimm
ára í dag.



**STEINAR BERG
ÍSLEIFSSON**
framkvæmda-
stjóri er fimm-
tíu og sex ára
í dag.



**SR. JÓNA
HRÖNN
BOLLADÓTTIR**
er fjörutíu og
fjögurra ára í
dag.



**RAGNHEIÐUR
JÓNSDÓTTIR**
myndlist-
armaður er
sjötíu og fimm
ára í dag.



GUÐNI BERGSSON
knattspyrnumaður er
fjörutíu og þriggja ára
í dag.



AFMÆLISBARNIÐ Tómas Árnason við málverk frá æskustöðvunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TÓMAS ÁRNASON FV. SEÐLABANKASTJÓRI: ÁTTATÍU OG FIMM ÁRA

Ég ætla að fara út í sveit

„Ég er nokkuð sáttur við lífið og tilveruna. Fékk góða menntun og hef átt fjölbreyttan starfsferil. Hef líka ferðast mikið bæði í embættum og á eigin vegum. Ég var mikið í íþróttum, bæði frjálsum og fimleikum, og hef stundað laxveiði og golf. Ég hef átt góða fjölskyldu og eignast góða vini. Allt þetta hefur veitt mér mikla lífsfyllingu.“

Það er Tómas Árnason, fyrrverandi seðlabankastjóri, sem hefur orðið. Hann er 85 ára í dag, sér um sig sjálfur í eigin íbúð, ekur um á litlum jeppa og er alveg bráðhress. Þó varð hann fyrir áföllum í fyrra. Missti eiginkonu sína Þóru Kristínu Eiríksdóttur og einnig sleit hann hásinarnar á báðum fótum og þurfti að vera fjóra mánuði í gífsi. „Ég gat ekki staðið upp úr stól en nú fer ég allra minna ferða og er byrjaður í golfinu aftur af fullum krafti. Það gerir mér gott,“ segir hann brosandi. Kveðst líka dunda við að skrifa um það sem hann hefur upplifað. „Bara þannig að það sé til en ekki til að gefa út,“ tekur hann fram.

Tómas er einn af fjórum börnum hjónanna Árna Vilhjálmssonar og Guðrúnar Þorvarðardóttur. Hann er alinn upp á Seyðisfirði, í litlu þorpi út með firðinum sem heitir Eyra. „Þar er bær sem heitir Háfnefssstaðir þar sem ég er fæddur,“ lýsir hann. „Síðan byggði faðir minn hús sem hann nefndi Háeyri nærri sjónum og keypti jafnframt fimmtán tonna mótorbát sem varð undirstaða heimilisins upp frá því. Afllinn var verkaður heima og síðan sendur út sjóþurrkaður.“ Hann viðurkennir að hafa ungur tekið til hendinni. „Já, ég vann orðið fullan vinnudag ellefu ára eins og ýmsir

fleiri,“ segir hann og fer umbeðinn yfir æviferilinn í stórum dráttum.

„Fyrst eftir fullnaðarpróf var ég sjómaður og landverka-
maður í tvö ár. Síðan fór ég á Eiðaskóla og ætlaði mér
til Danmerkur að verða íþróttakennari en þá kom stríð-
ið svo ég fór í Menntaskólann á Akureyri og lauk þar stúd-
entsprófi 1945. Svo fór ég í Háskólann og lauk lögfræði-
prófi 1949. Eftir nokkur ár á Akureyri við lögfræðistörf og
kennslu fór ég til Bandaríkjanna. Fékk styrk til náms og var
þar í eitt ár við Harvard-lagaskólann. Síðar fór ég að vinna í
utanríkisþjónustunni, aðallega í sambandi við varnarmálin,
ég var framkvæmdastjóri Tímans í fjögur ár með lögfræði-
störfum og svo framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar
ríkisins í níu ár. Árið 1967 var ég beðinn að taka sæti á lista
framsóknarmanna á Austurlandi og var fyrst varamaður en
síðar kjörinn og sat á þingi í ellefu ár. Mér líkaði það ágæt-
lega. Kjördæmið náði frá Skeiðará að Langanesströnd svo
starfinu fylgdu mikil og skemmtileg ferðalög.“

Tómas var ráðherra í tveimur ríkisstjórnunum, fyrst fjár-
málaráðherra í stjórn Ólafs Jóhannessonar, svo viðskipta-
ráðherra í ráðuneyti Gunnars Thoroddsen og síðasta opin-
bera starfið hans var stjórnun Seðlabankans. „Ég tel mig
gæfumann í lífinu,“ segir hann og nefnir sem dæmi farsælt
hjónaband í sextíu ár, fjóra syni sem allir séu giftir frábær-
um stúlkum, þrettán barnabörn og sex barnabarnabörn. En
ætla hann að halda upp á afmælið? „Ég ætla að fara út í
sveit,“ segir hann kíminn. „Ótilgreinda sveit.“ **gun@frettabladid.**

Sirkussýning í Hólminum

Sirkussýning verður haldin í íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi annað kvöld klukkan 21.00. Á sýningunni koma fram starfandi sirkuslistamenn og kennarar sem sýna um allan heim.

Þeir listamenn sem munu koma fram eru: Jay Gilligan frá Bandaríkjunum sem sýnir og býr í Evrópu núna. Hann kennir listina að halda mörgum boltum á lofti í einu og hefur verið kallaður einn af þeim bestu í heiminum í því. Einnig kemur Mirja Jauhainen frá Finnlandi fram en hún gekk til liðs við unga sirkuslistamenn í Finnlandi þegar hún

var ellefu ára og útskrifaðist úr sirkus-
skóla í Svíþjóð 23 ára. Með þessum
tveimur sýnendum kemur sirkuslista-
maðurinn Erik Aberg frá Svíþjóð fram.

Sirkussýningin verður með nýstár-
legu móti og blönduð við tónlist.

Á morgun verður börnum og ungling-
um einnig boðið upp á sirkusnámskeið
frá 17-19 í Íþróttamiðstöðinni.

Nánari upplýsingar má finna á www.stykkisholmur.is

SIRKUSSÝNING verður haldin í Stykkishólmi annað kvöld.



Fallegir legsteinar
á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfinni
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



HITA KUTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Auglýsingasími
512 5050
FRETTABLAÐIÐ
- Mest lesið



Það getur reynst erfitt að standast freistinguna og opna ekki baukinn þegar við sjóðinn bætist.

Neyðarsjóður heimilisins

Brjótíð glerið í neyð!

Þessi sérstaki sparibaukur minnir á neyðarhnapp vegna elds nema hér skal glerið brotið þegar harðnar í ári. Maður bætir í peningum á eigin ábyrgð og eftir því sem auðurinn eykst og peningarnir hlaðast upp verður enn meira freistandi að mólva glerið. Þá reynir á siðferðisþrek heimilisfólksins, á ég að spara eða taka út?

Nú á tímum greiðslukorta þar sem peningar verða sífellt minna áþreifanlegir er kannski ágætt að hafa varasjóð heimilisins fyrir augunum sem áminningu um sparnað. Þessi frumlega hönnun er frá Becky Miller og fæst í vefverslun suck.uk á <http://www.suck.uk.com>. - hs

List og lífrænt grænmeti

Í Galleríinu á Laugarvatni er að finna lífrænt ræktað grænmeti í bland við handgerða heimilismuni.

„Í sumar byrjuðum við með silungakæfu sem framleidd er í Útey,“ segir Þuríður Steinþórsdóttir, annar af eigendum Gallerísins á Laugarvatni. „Við bjóðum líka upp á silung sem veiddur er í vatninu, bæði ferskan og reyktan.“

Galleríið á Laugarvatni hefur verið starfrækt í fimm ár og þann tíma hefur það boðið upp á lífrænt ræktað grænmeti. „Við erum með grænmetistorg á sumrin þar sem við bjóðum upp á lífrænt ræktað grænmeti,“ segir Þuríður.

Ásamt grænmetinu er á boðstólum íslenskt handverk sem að sögn Þuríðar er númer eitt, tvö og þrjú í galleríinu. „Við reynum að vera með mikið úrval af handverki og nú erum við að selja frá þrjátíu til fjörutíu aðilum.“

Þuríður er sjálfmenntuð í handið og vinnur ýmsa muni úr járni sem hægt er að nálgast í galleríinu. „Ég er með vinnuáðstöðu fyrir aftan galleríið. Og svo er maðurinn minn með bólstrun þar fyrir aftan því þetta er fjölnota hús sem við erum í,“ segir Þuríður brosandí. „Ég er að gera allt mögulegt, allt frá litlum kertastjókum upp í stór borð og stóla. En eftir að ég kom á Laugarvatn er ég meira í smærri hlutunum.“

Þuríður segir viðskiptavinina



Hægt er að fá bæði listaverk og lífrænt ræktað grænmeti í Galleríinu á Laugarvatni.

MYND/ALMA BJÖRK ÁSTÞÓRSDÓTTIR



Reynt er að bjóða upp á mikið úrval af handverki í Galleríinu á Laugarvatni.

MYND/ALMA BJÖRK ÁSTÞÓRSDÓTTIR



Þuríður Steinþórsdóttir býr sjálf til ýmsa muni sem seldir eru í Galleríinu.

MYND/KRISTRÚN SIGURFINNSDÓTTIR

aðallega koma af svæðinu í kringum Laugarvatn og að Galleríið eigi sína föstu viðskiptavini úr sveitinni. „Það er auðvitað mikil sumarbústaðabyggð hérna og þar eigum við líka okkar föstu kúnna,

fólk sem á sumarbústað. Það er líka mikið af íslensku ferðafólki,“ segir Þuríður og bætir við að þau geri mikið út á íslenska ferðamenn því þeir séu svo skemmtilegir í fríinu. martaf@frettabladid.is

Tilboðsdagar í júlí



Italsofa
The Italian touch

Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri Verð áður kr. 434.500.- **Verð nú kr. 347.000.-**



Vandað sófasett 3+1+1 með þykku nautaleðri. Litir: Ljóst, brúnt. Verð kr. 399.000.- **Verð nú kr. 320.000.-**

Komið og sjáið fjölda tilboða í verslun okkar!

www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18 / **Laugardaga kl. 11-16**

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8–17

BÍLAR & FARARTÆKI



Netbilar.is kynnir: Kia Sportage, 100% lán, árg 2002, ek 70 þ. Bensín, abs, álfelgur, Ný dekk, ofl, V 560 þ. áhv 560 þ. afb 29 þ. uppl 588-5300 eða www. Netbilar.is



Netbilar.is kynnir: Toyota Corolla 1,6, árg 1998, ek 210, Einn eigandi langkeyrsla Rvk-Akranes, ný kúpling og tímareim bíll í topp standi, Tilboð 250 þ. Uppl 588 5300 Eða www.Netbilar.is



Netbilar.is kynnir: Honda Accord S, 210 hp, árg 2006, ek 54þ, 2400cc, 6.gíra, Mikið breyttur, Ásett 2.790 skoða skipti, uppl 588 5300 eða www.Netbilar.is



Netbilar.is kynnir: MMC Pajero (Montero), árg 2005, ek 70 þ.km, bensín 3,5, sjálfsk, 32" upphækkaður á álf-elgum með nagladekkjum, einnig orginal felgur og dekk, Ásett verð 2.590 Tilboð aðeins 1.990 þ möguleiki á 80% Fjármögnun, Uppl 588 5300 eða www. Netbilar.is

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
<http://www.netbilar.is>

Breiðan ehf
821-6292



Kia 2500 diesel pick-up árgerð 2006, ekinn 35 þús., sk.09, 100% lánað, verð kr. 1.450.000,- m.vsk. 821-6292



Ford Econline Club wagon, diesel, 15 manna, árgerð 1997, ekinn 85 þús., sk.09 (sendiráðsbíll). Ný sumar-og vetradekk fylgja. 100 % lánað, verð kr. 1.280.000,- S. 821 6292



Ford Econline 250 árgerð 1995, 6 cyl, extra langur, ekinn aðeins 95 þús.km., 6-9 manna, dráttarkúla, sk.09. 100% lánað. Verð kr. 650.000. S 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu



Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porsche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.



Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fánægir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Renault megane Wagon 1999 ek 115 þkm beinsk Verð 350.000,- (lista-verð 490.000) ný skoðaður..möguleiki á 100% láni uppl í síma 5880700 Bilabankinn



Til sölu Ford F 150 King Ranch árg. '06 ek. 61 þ. Fællegur og vel með farinn bíll með öllum þægindum. Webasto miðstöð, dráttarkúla, lok, leðursæti, topp-lúga, 2 dekkjagangar o.m.fl. Umboðsbíll frá Brimborg, einn eig. Verð 3300 þ. Uppl. í s. 899 7262.

0-250 þús.

Toyota Carina, smá beygla, varahl. fylgja. Verð 110 þús. Upplýsingar í síma 696 7812.

1-2 milljónir



Glæsilegur bláju Mustang með hvítu leðuráklæði á sætum. Árg. 2003, ekinn 30 þ.km. Nánari uppl. í s. 848 5805.



Golf GTI '01. Mikið breyttur og hlaðinn aukabúnaði. Gegn yfirt. á láni ca. 1.300 þús. Uppl. í s. 770 2256.

2 milljónir +



Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fánægir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Jeppar



Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fánægir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Til sölu 44" Patrol árg. 2001 ek. 280 þ. Vel útb. og góður bíll. Ingi í s. 864 6489.



Tilboð 4.900 þ.kr
LC 120 2005, 35" br. GX, diesel, ssk., beisli ofl. Ek. 85 þ.km. Tilboðs verð aðeins 4.900 þ.kr 100% lán mögulegt. Ath skipti. S. 893 5011.



Til sölu Galloper árg 2000, verð 280000, s: 8586174

Til solu Volvo V50 argerd 2004 vel 2.4i 170 ha ekinn 83000 km verð 2 millj Upplisingar heitir Petur í síma 6175167

Til Sölu Fellhýsi. 430kg leyf 650. Paradiso 93 vel með farið, 2 gaskútar klósett, Nýlegur Hleðslugeimur 12v220 2arms-tólar sjónvarð dvd spilari, Hitblásari Skápur með Vask og með 3x gas-hellum Tilbúinn í ferðalagið S:4215461 g:8205461 - 6591825

Pallbílar



Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Griptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.

Vörubílar



Til sölu M. Benz 814 '93 m/palli & sturtu. M. Benz 850 '99 m/palli & sturtu. Einnig Iveco vörubíll árg. '96 m/krana & sturtum. Getum einnig útvegað gámabíla og vinnuvél frá Þýskalandi. S. 866 6684.

Mótorhjól



Yamaha YFZ R-1 1000cc Árg 2005 Nýskráð 05/2006 ekið 7600 km kraft-púst, lítað gler og fl. Verð 1.390.000. Mótormax, Kletthálsi 13. Uppl. gefa sölumenn í síma 563 4400.

Fjór hjól



Yamaha Rhino 660cc Árg 2006 (Ath nýtt tæki) Verð 990.000 Mótormax, Kletthálsi 13. Uppl. gefa sölumenn í síma 563 4400.

Kerrur



Mustang Hestakerra frá Camplet í Danmörku Verð 980.000. Mótormax Kletthálsi 13. Uppl. gefa sölumenn í síma 563 4400.

Hjólhýsi



Palomino Maverick 1000 pallhýsi, rétt verð 2.298 þús, tilboðsverð 1.800 þús. Seglagerðin Ægir - Eyjarslóð 5, 101 Reykjavík - Sími: 511 2200



Til leigu hjólhýsi. Með sólarcellu og for-tjöldum. S. 659 2452 Samsel. Athugið sum stéttarfélag veita styrk til leigunnar. btnet.is/hjohlhysisaleigan

Fellihýsi

Palomino Colt fellihýsi árg.97. Upphækkað, miðstöð, svefntjöld, nýr geymir. Mjög vel með farið. Verð:450.000 þús. Upplýsingar í síma 664-3353

Tilboð 950 þús. staðgr.

Fleetwood Cheyenne 10 fet. Árg. 2004. Einn eig. Sólarcella 230v, heitt/kalt vatn, ísskápur, útigrill, gaseldavél, grjóthlíf, kassi framan á. Verð 1200 þús. Tilboð 950 þús. staðgr. Sími 892 3666.

Tjaldvagnar




Comanche Montana 2002 árg. m/fortjaldi. Verð 270.000 Mótormax Kletthálsi 13. Uppl. gefa sölumenn í síma 563 4400.



Camplet Glx 1987 árg. Verð 170.000. Mótormax Kletthálsi 13 Uppl. gefa sölumenn í síma 563 4400.

Bátar



Sæþotur Sea Doo RXP 215 2007 1495 cc . 215 HÖ. Tankur 60 L. Tveggja manna. Ekið 3 klst. Athugið að kerran fylgir ekki með sæþotunni. Verð 1.275.000.- Verð á kerru er 179.000.

Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf

S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla.

Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is

Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

Bílhutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar






Sími: 868 5599

Tökum garðinn í gegn!
Gólfbónur - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - Teppahreinsun
Reglulegar ræstingar í sameignum
og fyrirtækjum

www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599



Hreingerningabjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing
Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn
thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og
vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig
um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif
Bergþóru, s. 699 3301.

Vy-þrif ehf.

Þrif á sameignum. Almenn þrif.
Hreinsun Náttúrustein. S. 512 4010
vythrif@internet.is

Tek að mér heimili, fyrirtæki, skóla
og iðnaðarmannabílf. Einnig flutningsþrif.
Er traust, vön og vandvirk. Ásta s. 848
7367.

Tek að mér venjuleg heimilisþrif í
heimahúsum. Er vandvirk. Uppl. í s. 587
2084 & 690 2084.

Garðyrkja



SLÁTTUR
GARÐSLÁTTUR
TRJÁKLIPPINGAR
GARÐAÐUÐIN
BEÐAHREINSUN O.F.L.

554 1989

HÉR FERÐU ALLA VIRKISÖÐJÓKUNU Á EKKRU
STÓÐ FYRIR GARÐIN. **WWW.GARDLIST.IS**

Tökum
GARÐINN
í gegn!

- Trjáklippingar
- Pökulagnir
- Trjáfellingar
- Beðahreinsanir
- Garðauðanir
- Garðsláttur
- Hellulagnir
- Sólpallasmiði

Sláttumenn
Sími 846 0864

Nú er rétti tíminn til að gera garðinn
klárann fyrir sumarið. Tökum að okkur
allt sem þarf að gera fyrir garðinn þinn.
Traust og falleg þjónusta. Sláttumenn
garðabjónusta. S. 846 0864.

Sælugarðar ehf.
-allt fyrir garðinn

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Pökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallar

Mætum og gerum tilboð
þér að **kostnaðarlausu**.

Kári sími: 824-1238

2350 TB

Innanmál: 350 x 153 x 40 cm
Heildarþyngd: 3000 kg
Burðargeta: 2450 kg
Dekk: 14"

**Verð:
505.000,-**

Lyfta.is · 421 4037 · www.thuletrailers.is · thule@thuletrailers.is



THULE
Möguleiki á ramp!

Tökum að okkur allt sem viðkemur
garðinum, auk allrar almennrar smíða-
vinnu - lögg. húsa-smíðameistari. Vanir
menn, snör handtök. Sælugarðar s.
824 1238.

Alhliða
garðabjónusta
Garðabjónusta
Íslands ehf

Tökum að okkur alhliða
garðvinnu & hreinsun.
Klippum og fellum tré,
jarðvegsskiptum, þöku-
leggjum, beðahreinsum og
fleira.

Vönduð vinnubrögð
Róbert í s. 866 9767

Smágröfuleiga
Drenlagnir
Skolplagnir
Jarðvegsskipti

Tökum að okkur allnaðarvinnu

Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjössi

DAXVERK
- Hellulagnir - Jarðvinna -

Leitið tilboða.

S: 698-0098
email: dax@dax.is



Hellulögn
Jarðvegsvinna
Sólpallasmiði
Vegghleðslur

ROSANAGLAR EHF
Agnar s. 690 6220, Gunnar s.690 6250

HELLUBORG DÓRA
Heildarlausn fyrir lóð og garð
Látið fagmenn vinna verkið!
Upplýsingar í síma 616 9714

Halldór Ólafsson

www.helluborg.is

Trjáklippingar

Garðsláttur, alhliða umhirda garða.
Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848
1723.

Smágröfubjónusta, hellulagnir, dren-
lagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð
og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl
með krana. SS Hellulagnir. 691 8907.
Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Úðun, klipping, mold, sláttur, felli tré
og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum.
S. 698 1215.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og ein-
staklinga og klippingar og umhirdu á
görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og
stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á
sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta
ehf. Sími 511 2930.

Fjármál

Stofnun fyrirtækja, greiðsluerfiðleikar,
bókhaldsþjónusta, samningar við lán-
ardrottna, viðskiptaáætlanir, samninga-
gerð atoz@atoz.is s: 771 45 45

Málarar

ÍSLANDSMÁLUN

Pakmálun !!
Húseigendur - Húsfélög

Þarf að fara að huga að
viðhaldi á þakinu eða húsinu?

Gerum tilboð ykkur
að kostnaðarlausu.

ÍSLANDSMÁLUN EHF

Upplýsingar gefur
Einar í s. 891 6999.

Múrum og málum !

Tökum að okkur múr- og mál-
ningarvinnu, stór og smá verk.
Örugg þjónusta, vanir menn
vönduð vinna. Gerum verðtil-
boð þér að kostnaðarlausu.
Upplýsingar gefur Sverrir
s.661-7000

Sandspörsun -
Málningarvinna

Getum bætt við okkur verkum í
sandsparsli og málningarvinnu
innan húss. Gerum verðtilboð að
kostnaðarlausu. Einnig háþrýsti
þvottur og málingar vinna
utan húss.

Vönduð og ábyrg vinnubrögð.
Altmálun ehf S. 699 6667 &
555 6668

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli,
píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga
og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum
með besta verðið. Uppl. í síma 899
2536 & 659 4403.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir
innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í
20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu
húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074.
Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

Búslóðaflutningar !

Búslóða flutn., vörufli., planó flutn. og
& aukamenn ef óskað er. Hvert á land
sem er. Stórir bílar s. 899 7188 & 692
7078. Millibílar s. 659 1047.

Tökum að okkur

Stærri sem smærri flutninga t.d.
búslóðaflutninga, vöruflytninga, sorpu-
ferðir ofl. Erum með 35 m3 kassabíl
með lyftu og kæli. Toyota Hiace lengri
gerð. Uppl. í s. 891 6229 & 821 3779.

Húsaviðhald

E.H. MÚR

ÁRATUGAREYNSLA Í
HÚSAVIÐGERÐUM.

UPPL. Í SÍMA
697 8763



STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

Fagþjónusta - Allt á
einum stað

Getum bætt við okkur í flísa-
lögn, múrverki, pipulögn, mál-
ingu, parketlögn, glerisetning-
um og fleira.

Einnig tökum við að okkur nið-
urrif úr húsum og múrbrot. Fljót
og góð vinnubrögð. Tímavinna
eða tilboð.

Upplýsingar í síma 899 2420
Steingæði ehf.



Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir

Húsaviðhald!

Pak- og utanhússklæðningar og allt
húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf.
S. 892 8647.

Magnhús ehf

Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan.
S. 847 6391 & 891 9890.

parketogsmidar.is

Parketlagnir, parketslípun, gluggaskipti,
þakviðgerðir, sólpallar og öll almenn
smíðavinna. Uppl. í s. 896 9819.

Stíflubjónusta

Stíflubjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndun
www.stiflutjonustan.is

Tölvur

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA

ADSL, LÍÓSLEIDARA- OG
WIMAX TENGINGAR

DNS-, LÉN- OG VEFHYSGINGAR

VEFALÉV hjúsingar
Verð frá
990.- kr.

HRINGDU NÚNA Í SÍMA:
Eftir markið var eins og leikmenn FH slökuðu á því HK átti nokkrar álitlegar sóknir og fékk tækifæri til að jafna leikinn sem ekki nýttust því Gunnar Sigurðsson var þeim erfiður í markinu.

Það var því gegn gangi leiksins þegar Tommy Nielsen kom FH í 2-0 á síðustu mínútu fyrri hálfleiks með skalla eftir sendingu Tryggva Guðmundssonar.

FH-ingar kláruðu svo leikinn strax í upphafi síðari hálfleiks en þá kom Tryggvi Guðmundsson þeim í 3-0 eftir sendingu frá Atla Viðari Björnssyni. Leikmenn HK héldu þó áfram baráttu sinni og fengu færi til að minnka muninn en Gunnar sá við þeim í markinu sem fyrr.

Þegar liða fór á leikinn náðu leikmenn FH betri tókum á leiknum og Atli Viðar Björnsson skoraði fjórða mark Hafnfirðinga á 74. mínútu og eftir það voru fimleikastrákarnir í hálfgerð

um reitabolta. 4-0 sigur FH staðreynd, heldur stórt miðað við gang leiksins, en það er alveg ljóst að til að vinna fótboltaleik þarf að nýta færin og það gerðu leikmenn HK ekki.

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, var ánægður í leikslök.

„Við vorum ekkert sérstakir í fyrri hálfleik og smíðurinn Gunnar Sigurðsson hélt okkur inni í leiknum. Í seinni hálfleik fannst mér við svo vera töluvert sterkari og kláruðum þetta. Við erum að spila okkar þriðja leik á átta dögum og kannski sat smá þreyta í okkur. En ég er ánægður með sigurinn og stigin þrjú skipta máli,” sagði Heimir og varðandi framhaldið í deildinni bætti hann við:

„Já það er ljóst að deildin er jöfn og það virðist vera þannig að ef hugarfar manna er ekki alveg rétt þá geta allir unnið alla. Við erum þarna í toppbaráttunni, bara stigi á eftir Keflavík þannig að það stefnir í jafna baráttu.”

Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari HK, var hins vegar svekkur í leikslök.

„Við fengum fullt af færum og vorum að halda boltanum mjög vel og í raun langt frá því að vera lakari aðilinn þrátt fyrir að hafa tapað 4-0. Við gáfumst aldrei upp og sýndum að við getum sótt ágætlega. Aftur á móti náðum við ekki að skora sem er ekki jákvætt. Hins vegar var marga jákvætt í þessum leik og við ætlum okkur að taka það með okkur í næstu leiki,” sagði Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari HK, að lokum.

- sjj



ÓFLUGUR Tryggvi Guðmundsson átti góðan leik gegn HK og skoraði tvo af mörkum FH í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FORSALAN HAFIN - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!

FRUMSÝND 23. JÚLÍ

Vinnir eru verðlaun afleiddar af þessum SMS. Með því að svara þessum SMS hefur þú gefið samþykkingu á því að þú ert á milli 149 kr. á vörð.

THE DARK KNIGHT



9.
HVER VINNUR!

SENDU SMS **BTC BAT**
Á NÚMERIÐ **1900**

VINNINGAR: BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR,
VARNINGUR TENGÐUR MYNDINNI,
DVD MYNDIR OG FLEIRA

SAMRÁÐ

HÁSHOLA

BIO

mid.is

KAUPPING



MEIDDUR Esben Madsen verður að öllum líkindum frá vegna meiðsla næstu vikur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meiðslavandræði hjá ÍA:

Esben Madsen fingurbrotnaði

FÓTBOLTI Óheppni Skagamanna með meiðsl virðast engan enda ætla að taka en markvörðurinn danski Esben Madsen er nýjasti leikmaðurinn á meiðslalistanum.

Madsen fékk spark framan á puttann og fingurbrotnaði í leiknum gegn Honka í leik í Evrópukeppni félagsliða sem fram fór í Finnlandi á fimmtudag.



NÝTT MET Ásdís Hjálmsdóttir stórbætti eigið Íslandsmet í spjótkaсти á móti í Finnlandi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ásdís Hjálmsdóttir, Ármanni:

Stórbætti eigið Íslandsmet

FRJÁLSÍPRÓTTIR Ásdís Hjálmsdóttir úr Ármanni bætti eigið Íslandsmet í spjótkaсти þegar hún fór með sigur af hólmi á móti í Lapinlahti í Finnlandi í gær. Ásdís kastaði 59,80 metra og stórbætti þar með gamla metið sitt sem hún setti á móti í Eistlandi fyrr í sumar.

Það er því greinilegt að Ásdís er á réttri leið en hún verður meðal keppenda á Ólympíuleikunum í Peking í næsta mánuði. - óþ

Garðbæingar að gera það gott

Framherjarnir Garðar Jóhannsson hjá Fredrikstad og Veigar Páll Gunnarsson hjá Stabæk hafa farið á kostum með liðum sínum í toppbaráttu norska boltans á yfirstandandi leiktíð. Leikmennirnir þekkjast vel eftir að hafa leikið saman með yngri flokkum Stjörnnunar, ásamt því að leika saman með KR sumarið 2003.

FÓTBOLTI Fredrikstad og Stabæk verða seint talin til stórvelda í norskum fótbolta en liðin eru sem stendur í efstu tveimur sætum norsku úrvalsdeildarinnar og það er ekki síst fyrir góðan leik Garðbæinganna Garðars Jóhannssonar hjá Fredrikstad og Veigars Páls Gunnarssonar hjá Stabæk. Fredrikstad heimsækir Stabæk einmitt heim í kvöld þegar liðin eigast við í deildinni og þar verða Garðar og Veigar Páll án vafa í eldínunni.

Fara á kostum

Veigar Páll hefur sýnt það og sannað hjá Stabæk síðustu ár að hann er einn allra besta leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar en hann er nú að leika sitt fimmta tímabil með félaginu. Veigar Páll hefur skorað tvö mörk og lagt upp hvorki fleiri né færri en tíu mörk í deildinni í ár.

„Það gengur mjög vel hjá okkur í Stabæk þó svo að við séum aðeins búnir að fá eitt stig af níu mögulegum eftir fríið og Fredrikstad er þar með komið í efsta sætið. Þetta gerðist reyndar líka í fyrra, að við fengum bara eitt stig úr fyrstu



HÆTTULEGIR Garðar og Veigar Páll mynduðu stórhættulegt sóknarpar með Stjörnnunni og KR á sínum tíma en nú leiða þeir framlinur tveggja stríðandi liða í baráttunni um norska meistaratitilinn. Á myndinni má sjá þá félagafagna marki með KR sumarið 2003 ásamt Sigursteini Gíslasyni.

FRÉTTABLAÐIÐ

þremur leikjunum eftir frí, og við misstum efsta sætið líka þá. Núna höfum við samt einhvern veginn meiri trú á því að fara alla leið,” sagði Veigar Páll, sem biður spenntur eftir að mæta Garðari og félögum í Fredrikstad í kvöld.

„Við ætlum okkur ekkert annað en sigur í þessum leik og það er kominn tími á að við vöknum eftir fríið og náum að vinna leik. Það verður gaman að spila á móti Garðari þó svo að við munum eflaust ekki eigast við oft í leiknum, þar sem við erum báðir framherjar. En ég ætla alla vega að

skora meira en hann í leiknum,” tilkynnti Veigar Páll í gamansömum tón.

Það stóð ekki á svari hjá Garðari þegar tilkynning Veigars Páls var borin undir hann.

„Hann má alveg skora meira en ég, bara ef við vinnum leikinn,” sagði Garðar, sem hefur vakið mikla athygli fyrir góða spilmennsku á þessu tímabili.

„Ég skoraði strax í fyrsta leik tímabilsins en svo kom smá lægð. Ég hef svo verið að spila vel í síðustu fimm til sex leikjum og vonandi heldur það áfram. Það er

Garðar um Veigar Pál:

Skapandi og vinnusamur

„Veigar Páll er fyrst og fremst mjög góður leikmaður. Hans helsti kostur er hversu skapandi hann er og hann nær því að búa til mikið af mark-tækifærum fyrir liðsfélaga

sína. Hann er líka vinnusamur og það er gaman að spila með honum og kannski spilum við einhvern tímann saman aftur í framtíðinni,” sagði Garðar.



náttúrulega búið að ganga ljómandi vel hjá Fredrikstad og það hefur komið skemmtilega á óvart, þó svo að við höfum alveg vitað að með smá heppni gætum við blandað okkur í toppbaráttuna.“

Lítill félög á Noregsvísu

Stabæk hefur aldrei orðið norskur meistari og Fredrikstad varð síðast norskur meistari tímabilið 1960-1961. Það er því mikill áhugi og eftirvænting í heimabæjum liðanna yfir góðu gengi þeirra.

„Stabæk er í rauninni mjög lítill klúbbur hér í Noregi, hvað varðar efnahag og áhorfendafjölda. Völlurinn hjá okkur tekur bara 7.000 manns en það verður allt stappað á pöllunum gegn Fredrikstad,” sagði Veigar Páll og Garðar tók undir með honum.

„Það er náttúrulega allt að verða vitlaust í Fredrikstad; bærinn er alveg að tryllast yfir gengi liðsins í deildinni og það er gaman að fylgjast með því. Fredrikstad vann reyndar norska bikarinn árið 2006 þannig að leikmennirnir þekkja það hvað er að vinna og vonandi nýtist það,” sagði Garðar.

omar@frettabladid.is

Veigar Páll um Garðar:

Sterkur og útsjónarsamur

„Garðar er duglegur að bjóða sig og opna svæði fyrir meðspilara sína og það er þægilegt að spila með honum. Hann er líka sterkur og útsjónarsamur en á móti kemur að hann er nú engin raketta,” sagði Veigar Páll.



ÆVINTÝRIÐ Á ENDA HJÁ NORMAN Sigurvegarinn Padraig Harrington huggar hér hinn gamalreynda Greg Norman sem missti niður forskot sitt á lokahringnum á Opna-breska meistaramóti í gær. Hinn 53 ára gamli Norman hefði getað orðið elsti kyllingurinn til að vinna á mótiinu en allt kom fyrir ekki. Til hægri sést Harrington svo faðma sigurlaunin.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Padraig Harrington lék vel á lokahring Opna breska meistaramótsins í gær:

Harrington varði titil sinn

GOLF Hinn írski Padraig Harrington gerði sér lítið fyrir og varði titil sinn á Opna breska meistaramóti í golfi sem lauk á Royal Birkdale-vellinum í gær. Harrington var í öðru sæti á eftir Greg Norman fyrir lokahringinn en lék frábærlega í gær og sigraði á samtals þremur höggum yfir pari.

Það þurfti engan bráðabana til hjá Harrington í ár en hann lék lokahringinn á 69 höggum eða einu höggi undir pari Royal Birkdale-vallarins og sigurinn varð á endanum nokkuð öruggur.

„Það var stórkostleg tilfinning að vinna Sergio Garcia í bráðabana í fyrra en að koma hingað og verja titilinn er ólýsanlegt. Ég var samt sannfærður um að ég gæti unnið aftur og var því mjög einbeittur á lokahringnum og sem betur fer tókst mér að klára dæmið,” sagði Harrington glaður í mótslok í gær.

Ian Poulter lék á 69 höggum líkt og Harrington á lokahringnum og náði að vinna sig upp um sjö sæti og enda í öðru sæti en hinn gamalreyndi Greg Norman átti ekki góðan dag í gær.

„Ég er mjög vonsvikinn eftir erfiðan dag en ég get borið höfuðið hátt og reyndi allt sem í mínu valdi stóð. Það var bara ekki nóg í þetta sinn,” sagði Norman. „Hvíti hákarlinn“ fann sig engan veginn og lék á 77 höggum og varð á endanum að sætta sig við að deila þriðja sætinu með hinum sænska Henrik Stenson

sem lék á 71 höggi og vann sig upp um sex sæti í gær.

Suður-Kóreumaðurinn KJ Choi sem leiddi eftir fyrsta keppnisdaginn og var jafn Harrington fyrir lokahringinn hrapaði niður í þrettánda sæti en hann lék á 79 höggum í gær.

Hástökkvari gærdagsins var hins vegar Englendingurinn David Howell sem lék á 67 höggum og vann sig upp um 57 sæti og endaði í 7.-15. sæti.

Enski áhugamannakylfingurinn Chris Wood vakti einnig sérstaka athygli en hann er aðeins títugur og endaði í 5.-6. sæti ásamt Jim Furyk.

- óþ

OPNA BRESKA Í GOLFÍ

Lokastaðan:	Högg yfir pari:
1. Padraig Harrington	+3
2. Ian Poulter	+7
3.-4. Henrik Stenson	+9
3.-4. Greg Norman	+9
5.-6. Jim Furyk	+10
5.-6. Chis Wood	+10
7.-15. David Howell	+12
7.-15. Robert Karlsson	+12
7.-15. Ernie Els	+12
7.-15. Paul Casey	+12
7.-15. Stephen Ames	+12
7.-15. Steve Stricker	+12
7.-15. Robert Allenby	+12
7.-15. Anthony Kim	+12
7.-15. Ben Curtis	+12



EFSTU MENN Nelson Pique á Renault í öðru sæti, sigurvegarinn Lewis Hamilton á McLaren og Felipe Massa á Ferrari í þriðja sæti höfðu ríka áherslu til þess að fagna í gær. Þetta var í fyrsta skiptið sem Pique komst á verðlaunapall í Formúlu 1 en hann byrjaði sautjándi í rásröðinni á Hockenheim í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Lewis Hamilton er með forystu í stigakeppni ökuþóra eftir keppni gær dagsins: Hamilton fyrstur í Þýskalandi

KAPPAKSTUR Bretinn Lewis Hamilton á McLaren var búinn að hafa mikla yfirburði síðan æfingar hófust á Hockenheim-brautinni fyrir helgi og hann hélt uppteknum hætti þegar keppni í þýska Grand-Prix kappakstrinum í Formúlu 1 fór fram í gær.

Hinn 23 ára gamli Hamilton var á ráspól í gær en næstir honum komu Felipe Massa á Ferrari og Heikki Kovalainen á McLaren en heimsmeisterinn Kimi Räikkönen var sjötti í rásröðinni. Nelson Pique á Renault var sautjándi í rásröðinni en hann átti heldur betur eftir að láta til sín taka.

Staða fremstu manna hélst

óbreytt á fyrsta hring og Hamilton náði fljótt öruggri forystu í kappakstrinum og allt leit út fyrir þægilegan sigur hans, en sú varð ekki raunin.

Timo Glock á Toyota braut afturhjóla undan bíl sínum og klessti á vegg á 36. hring og kalla þurfti út öryggisbílinn og í kjölfarið þéttist hópurinn. Flest keppnisliðin notuðu tækifærið til þess að taka þjónustuhlé og taka bensín en McLaren ákvað að gera það síðar í mótinu. Þegar Hamilton loks tók þjónustuhlé féll hann niður um nokkur sæti.

Heikki Kovalainen hleypti liðsfélaga sínum Hamilton þá fram úr

sér og Bretinn saxaði hratt og örugglega á Massa og Pique, sem græddi mikið á óhappi Glocks og náði þar að vinna sig upp um mörg sæti. Hamilton náði svo að keyra fram úr þeim báðum á lokakaflanum og tryggja sér verðskuldaðan sigur á Hockenheim-brautinni. Pique varð annar en þetta var í fyrsta skipti sem hann kemst á verðlaunapall í Formúlu 1.

„Ég hefði frekar kosið það að geta verið rólegur í forystu eins og allt stefndi í. En svona er þetta stundum og við verðum bara að læra af þessu. Þetta var þó góð helgi hjá liðinu og bíllinn var frábær,“ sagði Hamilton.

- öp



KAUPUM MEIRA Wenger er sannfærður um að Arsenal muni fá að minnsta kosti einn nýjan leikmann til viðbótar fyrir komandi tímabil.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsene Wenger, Arsenal: Kaupum brátt nýjan leikmann

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur lýst því yfir að hann hafi í hyggju að kaupa minnst einn leikmann til viðbótar áður en tímabilið hefst í ágúst.

„Það er pottþétt að við kaupum einn nýjan leikmann til viðbótar við þá tvo sem við höfum fengið til þessa fyrir tímabilið,“ sagði Wenger í viðtali við BBC Sports en Lundúnafélagið hefur þegar keypt þá Samir Nasri frá Marseille og Aaron Ramsey frá Cardiff í sumar.

Miðjumennirnir Mathieu Flamini, Alexander Hleb og Gilberto hafa hins vegar allir yfirgefið Arsenal og framherjinn Emmanuel Adebayor hefur verið orðaður við önnur félög.

„Adebayor er leikmaður Arsenal og ég er sannfærður um að hann verði það áfram á komandi leiktíð,“ sagði Wenger að lokum.

- öp

Brasilíumaðurinn Robinho: Vill fara frá Real Madrid

FÓTBOLTI Eftir að AC Milan hafnaði kauptilboði Chelsea í Brasilíumanninn Kaka telja breskir og spænskir fjölmiðlar að Robinho sé næstur á óskalista enska liðsins.

Nokkrir fjölmiðlar gengu reyndar svo langt í gær að fullyrða að Peter Kenyon hefði þegar hafið viðræður við Madrídinga um hugsanlegt kaupverð. Þá er haft eftir umboðsmanni Robinhos að leikmaðurinn sé tilbúinn að fara til Chelsea og Robinho sagði sjálfur við spænska blaðið Marca í gær að hann vildi fara frá Real Madrid.

- öp

NORDIC PHOTOS/GETTY



Sumarfríð hefst í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar færðu allt sem þú þarft fyrir ferðalagið: Sólarvörn, myndavél, strandtösku, sólgleraugu, stuttbuxur, i-Pod, tímarit og ekki má gleyma gjaldryrinum. Njóttu þess að gera góð kaup í upphafi ferðarinnar og vertu klár á ströndina um leið og þú lendir á áfangastað.



ÍSLENSKA STAIS FLE 40017 06.2008



ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

www.airport.is

> William H. Macy

„Ég vil að áhorfandinn finni fyrir einhverju. Jafnvel þó það séu óþægilegar tilfinningar eins og reiði eða grimmd, bara að hann finni fyrir einhverju. En samt að það sé eitt-hvað annað en leiði eða áhugaleysi.“ Macy leikur í myndinni „The Wool Cap“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR VARÐ FYRIR VONBRIGÐUM Á LAUGARDAGINN

Er golf vinsælla en tónlist?

Síðasta mánudag lofaði ég Sjónvarpið fyrir að endursýna allt sniðuga efni vikunnar á daginn um helgar. Enga spennuþætti, heldur heimild-armyndir og fræðsluþætti ásamt innlendu efni. Mér hefur nefnilega þótt svo skemmtilegt að horfa á þættina um Aþenu og Karþagó. Svo ég tali ekki um Seven Ages of Rock. Þótt þeir séu ekki ítarlegustu tónlistarþættir sem ég hef séð þá eru þeir að minnsta kosti um tónlist. Ég loka bara eyrunum þegar er byrjað að lofa U2.

Reyndar eru þættirnir svo vinsælir að hvar sem ég kem heyrir ég í þá vitnað. Í síðustu viku sagði einn strákur í vinnunni mér að U2 væri síðasta súpergrúppan. Þegar nágranni minn hélt party heyrði ég vini hans röfla á svölunum um hve blússkotnir Led Zeppelin-menn væru og hve mikil áhrif Kurts Cobain hefðu verið á gruggið. Enginn minntist á Alice in Chains, líklega vegna



þess að þeim var ekki gert sérlega hátt undir höfði í Seven Ages of Rock.

Hvað um það. Í vikunni missti ég af þættinum og hlakkaði til að horfa á hann á laugardaginn var.

Þar sem ég sat fyrir framan sjónvarpið um helgina og komst að því að Sjónvarpið ætlaði ekki að bjóða upp á neitt nema golf, gat ég ekki annað en hugsað eftirfarandi: Hvað ætli sýningarrétturinn á British Open hafi kostað? Hve mörg stöðugildi og í hversu langan tíma?

Ég hef ekkert á móti golfi, en að sýna það frá klukkan 10.00 til 18.00 er dálítið of mikið af því góða. Annað furðuefni sem kemur reglulega á dagskrá er gullmót í frjálsum íþróttum. Nú hef ég ekkert á móti frjálsum íþróttum, mér finnst meira að segja gaman að stunda sumar þeirra sjálf. En að horfa á eitthvað fólk í þrístökki klukkan hálf tólf á föstudagskvöldi er ekki alveg minn tebolli. Ég vil að Sjónvarpið opni íþróttaráð, takk fyrir.

EKKI MISSA AF



► 20.00 Seinfeld

STÖÐ 2 EXTRA



► 19.45 Grindavík - KR

STÖÐ 2 SPORT



► 20.10 Kimora. Life in the fab Line

SKJÁREINN



► 21.10 Anna Pihl

SJÓNVARPIÐ



► 21.30 Missing

STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Ungar ofurhetjur (Teen Titans)

17.55 Gurra grís

18.00 Lítil prinsessa

18.12 Herramenn

18.25 Út og suður (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

19.55 Aþena (Athens) (2:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum. Hér segir sagnfræðingurinn Bettany Hughes frá því hvernig litla borgrikið Aþena varð að miklu veldi sem þó varði aðeins í eina öld.

20.45 Vinir í raun (In Case of Emergency) (6:13) Bandarísk þáttaröð um fjögur skólasystkini sem hittast aftur löngu seinna og styðja hvert annað í lífsins ólgusjó.

► 21.10 Anna Pihl (1:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sportið í þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.

22.45 Herstöðvarlíf (Amy Wives) (13:13) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.

23.30 Kastljós (e)

23.50 Dagskrárlök

BÍÓ

08.00 Deuce Bigalow: European Gigolo

10.00 Fat Albert

12.00 Finding Neverland

14.00 Deuce Bigalow: European Gigolo

16.00 Fat Albert

18.00 Finding Neverland

20.00 The Wool Cap William H. Macy leikur Charlie Gigot, sérvitrar húsvörð sem stendur skyndilega uppi með yfirgefið barn sem hann kann engan veginn að hugsa um.

22.00 Campfire Stories

00.00 Air Force One

02.00 Ararat

04.00 Campfire Stories

06.00 I'm With Lucy

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Hvolpurinn Scooby-Doo, Ofurhundurinn Krypto og Kalli kanína og félagar.

08.05 Oprah

08.45 Í finu formi

09.00 Bold and the Beautiful

09.20 La Fea Más Bella

10.05 Notes From the Underbelly

10.40 Bandið hans Bubba (4:12)

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.55 Numbers (23:24)

13.35 2001: A Space Travesty

15.10 Friends

15.30 Friends

15.55 Háheimar

16.20 Leðurlökumadurinn

16.40 Tracey McBean

16.53 Louie

17.03 Skjaldböðurnar

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.49 Íþróttir

18.56 Ísland í dag

19.04 Veður

19.15 The Simpsons

19.40 Friends

20.05 So You Think You Can Dance

► 21.30 Missing (11:19) Þriðja þáttaröð spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknnum. Nicole Scott er félagi hennar og er hörkuloðga sem veigir sér ekki við að beygja reglurnar til þess að leysa glæpi.

22.15 It's Always Sunny In Philadelphia (4:10)

22.40 11.14 Fimm ólíkar sögur sem allar gerast samtímis og lýsa aðdraganda að bílslysi sem á sér stað klukkan 11.14.

00.05 Las Vegas (2:19)

00.50 Silent Witness (3:10)

01.40 2001: A Space Travesty

03.15 Special Forces

04.50 Missing (11:19)

05.35 The Simpsons (21:22)

05.55 Fréttir

SPORT

besta sætið

17.10 Landsbankadeildin 2008 Valur - Keflavík.

19.00 Sumarmótin 2008 Síamamótið gert upp í máli og myndum. Á mótinu má sjá framtíðarstelpur íslenskrar knattspyrnu sýna tilþrif af bestu gerð.

► 19.45 Landsbankadeildin 2008

Grindavík - KR. Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla.

22.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.

23.00 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.

23.40 Landsbankadeildin 2008 Grindavík - KR

01.30 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.

SPORT 2

17.50 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

18.20 Season Highlights Allar leiktiðir úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

19.15 Bestu leikirnir Reading - Liverpool

20.55 AC Milan v Inter Milan Frábær þáttaröð sem fjallar um viðureignir erki-fjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti er tekið fyrir samband nágrannanna í Milanóborg, AC Milan og Inter Milan.

21.50 PL Classic Matches Liverpool - Arsenal, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

22.20 Bestu leikirnir Fulham - Arsenal.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Dynasty (e)

09.30 Vörutorg

10.30 Óstöðvandi tónlist

16.00 Vörutorg

17.00 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

19.20 Top Chef (e)

► 20.10 Kimora: Life in the Fab Line (6:9) Skemmtileg þáttaröð þar sem Kimora Lee Simmons stofnandi Baby Phat og Phat Farm hleypir áhorfendum inn í skrautlegt líf sitt. Kimora er ekki ánægð með lúxusvillu sína í Los Angeles og tilkynnir fasteignasal-anum sínum að hann verði að finna nýtt heimili fyrir hana á næstu þremur dögum.

21.00 Eureka (10:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Jack Carter rannsakar undarlega hegðun bæjarbúa. Þau einu sem virðast eðlileg eru Jack og dóttir hans. Þau þurfa nú að vinna saman til að komast að ástæðu þessarar undarlegu hegðunar á meðan Stark tekur ákvörðun sem gæti haft áhrif á framtíð heimsins.

21.50 The Evidence (4:8) Bandarísk sakamála-sería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. Fimm vinir sem kynntust á meðferðarstofnun eru myrtir einn af öðrum.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 Criss Angel Mindfreak (e)

23.55 Dynasty (e)

00.45 Vörutorg

01.45 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

18.45 Gönguleiðir Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

NUDDPOTTUR

Stærð 203cm x 197cm x 90cm / 2 vatnsnuddadælur, 2hö og 1 hö.

21 vatnsnuddstútar / Digital stjórnborð, stýrir nuddadælum,

hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum / Ozone hreinsikerfi og 3kw hitari

4 LED ljós í skel / Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap.

Verð: 499.900

Tilboðsverð:

449.900*



RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆR - SÍMI: 585 2888

Opið: Mán. til fös. kl. 9 - 18

Laugard. kl. 10 - 16



* Sérskilmálar

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.15
It’s Always Sunny in Philadelphia

Önnur röð þess-ara skemmtilegu gamanþátta um fjóra félaga sem reka saman bar en eru of sjálfumgláðir til að geta unnið saman án árekstra. Þættirnir hafa vakið vinsældir ytra og eru í miklu uppáhaldi hjá gagnrýndum.



► VIÐ MÆLUM MED
Aþena
Sjónvarpið kl. 19.55

Í kvöld sýnir Sjónvarpið seinni þáttinn um Aþenu með sagnfræðingnum Bettany Hughes. Í þættinum í kvöld verður fjallað um hið byltingarkennda lýðræði í Aþenu og nýjar hugmyndir sem því fylgdu. Eins er sögð saga heimspekingsins Sókratesar sem var einn höfunda hinnar nýju hugsunar sem reyndi svo á endanum á þanþol lýðræðisins að hann var dæmdur til dauða.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækingur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	19.50 Dánarfregnir og auglýsingar
10.13 Látún	19.00 Á sumarvegi
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.40 Tónlist úr þularstofu
12.00 Fréttayfirlit	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Andblær frá Ipanema
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Framtíð lýðræðis
13.00 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið	22.12 Orð kvöldsins
13.15 Á sumarvegi	22.15 Kvöldsagan: Pan
14.03 Út um víðan völl	22.45 Dalakofinn
15.03 Útvarpssagan: Barnið og tíminn	23.30 Lostafulli listræninginn
	00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin /

Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun

/ Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Ef þú sagðir

„NEI, COME ON!“


síðast þegar þú fékkst rukkun fyrir bílatryggingunni, kíktu þá á elisabet.is

Og til að lækka verðið ennþá meira ...

Fyrir hvern nýjan viðskiptavin sem viðskiptavinir koma með til Elísabetar fá þeir frían mánuð.



Þeir viðskiptavinir Elísabetar sem aka í 12 mánuði án þess að fá punkt í ökuferilsskrá sína geta fegnið 13. mánuðinn ókeypis.



ISLENSKA STAÐS ELLI 43038 0708

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍALÁNUM



elisabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (2:13)

17.30 Entourage (16:20)

18.00 Live From Abbey Road (4:12)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

►**20.00 Seinfeld** (2:13) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Entourage (16:20) Verðlauna-þættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíðborginni. Raunalegt frama-pot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en eins og komið hefur á daginn er leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.

21.00 Live From Abbey Road (4:12) Þættir með lífandi tónlist frá þessu þekkt-asta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið.

22.00 Women’s Murder Club (5:13) Þáttur um fjórar perluvinkonur sem gegna ólíkum störfum en vinna þó allar við morð-rannsóknir.

22.45 The Riches (6:7) Svikahrappar af hjólhýsakyni sem lífað hafa sem sígaunar allt sitt líf söðla rækilega um og sejtast að í venjulegu úthverfi.

23.30 The Wire (5:13)

00.30 Sjáðu

00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttur og Ásdís Olsen. Gestir: Björk Jakobsdóttir, Sigríður Klingenberg, Kormákur Geirharðsson.

21.00 Mæður og dætur Umsjón: Stein-unn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Edda Björgvinsdóttir, Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Bjarni Gabríel.

21.30 Í kallfæri Umsjón: Jón Kristinn Snæhólm. Gestur: Tómas Dagur Helgason flugstjóri.

DR 1

11.00 Saras kökken **11.30** Søren Ryge - Mads og Tove i Tim **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummerum **13.35** Krampe-tvilling-erne **14.00** SommerSummerum **15.05** Monster allergi **15.31** Lotte fra Spektakelmagergade **16.00** Hjerterum **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Det vilde Kina **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** Kvinden med djævel-ens mærke **21.15** Mistænkt 4: Det mistede barn **22.55** Seinfeld

NK1

09.55 Norsk på norsk jukeboks **10.55** Ut i naturen jukeboks **11.55** Danséfot jukeboks **12.55** Autofil jukeboks **13.50** Begynnelsen på en historie **15.20** Sydvesti **15.50** Oddasat nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lisa Loop **16.10** Vennene på Solflekken **16.20** Venner er viktig **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Smaken av Danmark **18.00** Norsk attraksjon **18.30** 'Allo, 'Allo! **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Tudors **20.30** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Den mistenkte **22.55** Rolf Lassgård på nært hold **23.25** Sport Jukeboks

1 SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Oraklen **10.35** Sportspegeln **11.05** Grön glädje **12.20** Lilla helgonet **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Himlen över Danmark **15.30** Strömsö **16.00** Hannas hjälplinjé **16.10** Ebb och Flo **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.30** Hej hej som-mar **16.31** Planet Sketch **16.50** Det femte väder-strecket **17.00** Unge greve Dracula **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sommartorpet **18.30** Inför DN-galan **19.00** Rakt på med K-G Bergström - special **19.30** Kommissarie Montalbano **21.10** Blod, svett och danska skallar **21.35** Rapport **21.45** Allsång på Skansen **22.45** Brottsskod: Försvunnen **23.30** Sändningar från SVT24

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Eitthvað klassískt, Pet shop boys til dæmis. Keypti mér líka safndisk með Chicago og er að hlusta á hann í bland við Eurythmics. Á föstudagseftirmiðdögum hlusta ég á flashback-radio.com á netinu.“

Bjarni Jóhann Þórðarson, garðsláttumaður og framkvæmdastjóri.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. löngun, 6. hólmi, 8. forsögn, 9. angan, 11. tveir eins, 12. tæla, 14. eftirsjá, 16. í röð, 17. svíf, 18. sæti, 20. frá, 21. hljómsveit.

LÓÐRÉTT
1. afgangur, 3. þys, 4. úða, 5. lítill sopi, 7. aldin, 10. samhliða, 13. knæpa, 15. heiti, 16. kærleikur, 19. golf áhald.

LAUSN
1. leif, 3. ys, 4. sprauta, 5. tár, 7. yllibær, 10. með, 13. krá, 15. nafn, 16. ást, 19. tí.

LÖBSTRÉTT:
1. leif, 3. ys, 4. sprauta, 5. tár, 7. yllibær, 10. með, 13. krá, 15. nafn, 16. ást, 19. tí.

LÁRÉTT:
2. lyft, 6. ey, 8. spá, 9. ilm, 11. rí, 12. fleka, 14. iðrun, 16. áb, 17. áta, 18. set, 20. af, 21. trío.

- VEISTU SVARID
- Svör við spurningum á síðu 8.
- 1

Tryggvi Þór Herbertsson.
- 2

Þórshöfn á Langanesi.
- 3

Sverrir Guðjónsson.

GANGA.IS

Ungmennafélag Íslands

 **FISKBÚÐIN HAFBERG**

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

STÓR HUMAR, LÚÐA, LAX, TÚNFISKUR

Úrval fiskrétta á grillið

Óbreytt fiskverð frá áramótum!



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Gylfi Ægis opnar heimasíðu

„Ég er búinn að gera þetta allt sjálfur,“ segir Gylfi Ægisson fjöl- listamaður sem nú hefur opnað heimasíðuna www.gylfiægisson.is sem hann bjó til upp á eigin spýt- ur. „Þess vegna er síðan eins og hún er,“ segir hann. „Þetta er allt öðruvísi síða en ég hef séð. Dálítið lifandi. Ég vildi hafa hana svona.“



GLÆSILEIKI Svona lítur forsiða heima- síðunnar út.

Gylfi fékk aðstoð við að tengja heimasíðuna við netið frá Hrönn, dóttur sinni, sem er vefhönnuður, eftir að hafa lent í eilíttu basli við það sjálfur. Gerð heimasíðunnar hefur tekið Gylfa eitt ár samhliða öðrum verkefnum. Það sem færri vita, og eiga eflaust bág með að trúa, er að Gylfi hefur aldrei sótt námskeið í vefsíðugerð. „Það er bara eins og með tónlistina og myndlistina,“ segir Gylfi sem hefur lært hvort tveggja án leið- sagnar kennara.

En af hverju að opna heimasíðu? „Það er svo mikið af fólki sem hefur ekkert náð í músíkina mína og Valla-ævintýrin. Nú ætti fólk að geta gengið að mínum afurðum þarna í framtíðinni,“ segir Gylfi



GYLFI ÆGIS Með eitt af verkum sínum en fjölmörg þeirra eru til sýnis á síðunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sem á einnig lénið www.gylfiaegisson.is, með „æ“ í stað „æ“. „Ef

það hefði ekki verið laust hefði ég bara keypt sjúddirarírei.is.“ - shs



Á KONTÓRNUM Lárus Welding bregður sér reglulega út af skrifstofunni til þess að láta Arnar Grant þræla sér út í ræktinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

LÁRUS WELDING: SEGIR ARNAR GRANT MIKINN SÁLFRÆÐING

Grant þjálfar Welding fyrir Reykjavíkurmaraþon

„Hann sýnir mér enga miskunn,“ segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis, um líkamsræktarfrömuð- inn og einkaþjálfarann Arnar Grant. Arnar og Lárus hafa nú tekið höndum saman við að koma þeim síðarnefnda í stand fyrir Reykjavík- urmaraþon Glitnis sem fram fer þann 23. ágúst. Lárus segir að lagt sé mikið upp úr því innan Glitnis að efla áhuga starfs- fólksins á hlaupinu. Meðal annars með því að leggja til áheiti til góðgerða- og styrktarsamtaka.

„Hlaupið er því ekki HARDSTJÓRINN Arnar Grant gefur ekkert eftir og lætur Lárus finna fyrir því í Laugum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

einungis stór viðburður í Reykja- vík heldur hjá öllu fyrirtækinu,“ segir Lárus sem lætur sitt ekki eftir liggja í hlaupinu.

Óhætt er að segja að Lárus hafi vaxið í starfi sínu, sérstaklega ef litið er til þátttöku hans í Reykja- víkurmaraþoninu. „Í fyrra tók ég þátt í hlaupinu í fyrsta skipti og hljóp tíu kílómetra. Nú ætla ég að gera enn betur og tek hálft mar- aþon, 21 kílómetra,“ segir Lárus. Hann segir samstarf hans og Arnars hafa gengið mjög vel. „Það eru aðal- lega ein-

staka ferðalög sem skemma fyrir mér,“ segir Lárus sem þarf að ferðast mikið í starfi sínu og því ekki alltaf tími til að bregða sér í ræktina. „Arnar er finnr þjálfari sem heldur uppi aga. Svo er hann líka svo mikill sálfræðingur,“ segir hann.

Spurður hvort hann sé kominn í fantaform svarar Lárus: „Get því miður ekki sagt það en hef sett mér háleit markmið um bót og betrun,“ segir hann ákveðinn en bætir við, „formið var mun betra þegar ég æfði karate á mínum yngri árum.“ Nú er rúmur mánuður í stóra daginn og ætti forstjór- inn því að geta bætt sig á þeim tíma.

En skyldi stefnan vera tekin á verðlaunasæti? „Ég hef ekki ákveðið sæti í huga en markmiðið er að klára hlaupið,“ segir Lárus Welding, forstjóri og maraþon- hlaupari.

solli@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Útgáfutónleikar **Bryndísar Jakobs- dóttur** í lðnó á föstudag voru vel sóttir. Móðir söngkonunnar, **Ragn- hildur Gísladóttir**, lét sig að sjálf- sögðu ekki vanta á viðburðinn. Þar leyndist einnig góð vinkona Rögggu, **Dóra Takefusa**, sem ku vera í stuttu sumarfríi á landinu, en hún er annars búsett í Kaupmannahöfn.

Að tónleikum loknum skelltu mæðgurnar sér svo saman út á lífið eins og sönn- um stuðkonum sæmir, og kíktu meðal annars á skemmti- staðina Boston og Píkið.

Alþingis- maðurinn **Sig- urður Kári Kristjánsson** og **Birna Bragadóttir** gengu í það heilaga á laugardaginn og blésu til mikilla veisluhalds. Góðvinur Sigurðar Kára, **Stefán Hilmarsson**, söng lag í athöfninni,

sem fram fór í Dómkirkjunni í Reykjavík, eins og þau **Magnús Þór Sigmundsson** og **Selma Björns- dóttir** gerðu líka.

Selma og eiginmaður hennar, **Rúnar Freyr Gíslason**, voru veislustjórar seinna kvölds og stigu þá aftur á svið til að skemmta gestum. Stefán Hilmarsson og **Eyjólfur Kristjánsson** tóku lagið, **Karl Olgeirsson** lék á píanó og **Geirfuglarnir** tróðu upp. Sjálfur forsætisráðherra, **Geir H. Haarde**, steig svo einnig á svið, þó það væri til að flytja tölu fyrir brúð- hjónin frekar en að syngja þeim lag.



Vespusali ósáttur við stórfyrirtæki

„Það er notað orðið Vespa, sem er skrásett vörumerki, í öðru hverju orði,“ segir Gunnar Hansson, umboðsmaður Vespa á Íslandi. 10-11 auglýsir nú svokallaðan „Vespu- leik“ þar sem viðskiptavinir geta unnið sér inn „vespu“, sem er raunar ekki vespa. „Það er bara til ein Vespa, það er Piaggio Vespa frá Ítalíu,“ segir Gunnar. Hjólið sem um ræðir í Vespuleiknum er af gerðinni Kymco sem er taí- vanskur framleiðandi. „Hér á Íslandi er talað um öll hjól í þess- um flokki sem vespur en í öðrum löndum er talað um skútera. Það þarf að finna íslenskt nafn á þenn- an flokk,“ segir Gunnar, sem hefur kynnt sér málin hjá lögfræðingi og fengið þau svör að hann geti

höfðað mál á hendur þeim sem auglýsa Vespu, ef ekki er um raunverulegar Vespu að ræða. „Þetta er svipað og að tala um alla bíla sem Ford, eða öll mótorhjól sem Harley Davidson.“

Gunnar segir aðra staðreyn- daviðu koma fram í auglýsingum á leiknum. Þar er fullyrt að Kymco- hjólin hafi verið þau mest seldu á Ítalíu á síðasta ári. „Ég er með opinberar sölutölur sem segja annað. Þetta er tíunda mest selda hjólið, það var Honduhjól sem var mest selt,“ segir hann.

Gunnar segist hafa haft sam- band við 10-11 en fátt hafi verið um svör. Ekki náðist í fram- kvæmdastjóra 10-11 við vinnslu fréttarinnar.

- shs



GUNNAR HANSSON Er ósáttur við að talað sé um Vespu þegar ekki er um vespu að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þegar
„bara einhver is“
er ekki nóg





BAKPANKAR
Práins
Bertelssonar


Íslensk siðfágun

Í upphafi sólarlandaferða fór í miklum sögum af heimóttarhætti Íslendinga. Þá hófust öll ferðalög í keflvískum bárujárns-skúr þar sem ferðafólk tók til við að sturta í sig brenndum drykkjum klukkan sex á morgnana þótt penar dömur og bindindismenn létu sér nægja að kneypa sterkan bjór. Á þessum tíma stóð Íslendingum mikill stuggur af lifnaðarháttum annarra þjóða, einkum mataræði þeirra, og höfðu það fyrir satt að útlendingar nærðust mestan part á froskum. Mótaleikurinn var sá að taka með sér nestis-skrínu og halda kyrru fyrir á hótélherbergi sínu og stýfa súra hrútspunga úr hnefa og skola niður með rommi í kók í stað þess að láta eittra fyrir sér á veitingahúsum.

ÚTLENDINGAR fengu snemma það orð á sig að þeir væru ekki með öllu frómir. Íslendingum sem hleyptu heimdraganum í fyrsta sinn var jafnan ráðlagt að gæta sín á þjófum, einkum vasabjófum. Ástæðan fyrir því að Íslendingar lögðu það yfirleitt á sig að ferðast var sú uppgötvun að verðlag á áfengi virtist tengjast breiddargráðum, þannig að í sólarlöndum var hægt að drekka sig í ómegnin fyrir sanngjarnt verð.

MEÐ tímanum hefur æ fleiri Íslendingum tekist að yfirvinna þann eðlislæga ótta sem íbúum smáeyja stafar af útlendingum. Ferðalög eru orðin almenn og mataræði þjóðarinnar hefur verið uppfært til samræmis við reynslu og kunnáttu annarra þjóða síðan frystikistan leysti saltketstunnuna af hólmi. Heimóttarhátturinn lifir þó enn í fordómafullri afstöðu til Evrópusambandsins, sem sumir telja í einlægni að hafi það eina markmið að tortíma sjálfstæði Íslendinga.

Í sólarlöndum hér áður fyrr þóttu heimsóknir fordrúkkinna Íslendinga næstum jafnfyrirkvíaðanlegar og herferðir Þjóðverja. Allt hefur þetta þó breyst og mörlandinn er talinn meðal reffilegri þjóða á baðströndum heimsins. Jafnvel íslenskir karlmenn vekja athygli fyrir fagaða framkomu, að ekki sé minnst á íslenskt kvenfólk sem löngum hefur talist alheimsprýði – enda eru íslenskar konur komnar af írskum prinsessum meðan við karlmennirnir rekjum ættir okkar til norskra víkingadurga.


GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 21. júlí,
204. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.01	13.34	23.05
Akureyri	3.21	13.19	23.13

Heimild: Almanak Háskólans

FORESTER

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

NÝR SUBARU SPORTJEPPI

KOMDU OG REYNSLUAKTU GLÆNÝJUM SUBARU FORESTER

Beinskiptur: **3.590.000 kr.** Sjálfskiptur frá: **3.790.000 kr.**

ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

Kortið sýnir þá staði þar sem við bjóðum upp á reynsluakstur.

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Selfossi, Hrímsýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521


INGVAR HELGASON